



Tugir þúsunda komu saman á Laugardalsvelli í gærkvöldi á einum stærstu tónleikum sem haldnir hafa verið hér á landi. Rokkhundarnir í Guns N' Roses trylltu þar lýðinn og mátti sjá fólk á öllum aldri þótt hljómveitarmeðlimirnir sjálfir séu komnir á efri ár, en hljómveitin var stofnuð árið 1985. Sjónarspilið var mikið enda allt lagt í tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

## Ríkið verði af tveimur milljörðum á ári

Samtök ferðapjónustunnar áætla að ríkið verði af tveimur milljörðum króna á meðan Airbnb og sambærilegum leigusíðum er ekki gert að innheimta gistináttaskatt. Taka átti á málinu fyrir ári en það er enn í skoðun. Kerfið miglekur, segir stjórnarformaður Gray Line.

Ríkið verður af minnst tveimur milljörðum króna á hverju ári svo lengi sem Airbnb og öðrum leigusíðum er ekki gert að innheimta virðisaukaskatt og gistináttaskatt, að mati Samtaka ferðapjónustunnar. Rúmt ár er frá því að Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármálaráðherra, setti sig í samband við Airbnb til að taka á málinu. Sala á gistingu á Íslandi nam 15 milljörðum á Airbnb í fyrra.

Sem stendur skilar Airbnb aðeins virðisaukaskatti af þöknun sinni og innheimtir ekki gistináttaskatt. Benedikt greindi frá því í júní á síðasta ári að stjórnvöld væru komin í samband við Airbnb en vonast var til að samkomulag næðist um að Airbnb innheimti gjöld, til dæmis gistináttaskattinn. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu er málið í skoðun

**Ríkið er með hugmyndir um komugjöld og alls konar viðbótargjöld en nýtir svo ekki þessa tekjulind.**

Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line Iceland

en ekki er hægt að segja til um það hvenær endanleg niðurstaða fæst. Til dæmis þurfi að skoða hvort innheimta eigi gistináttaskatt, sem er föst krónutala, fyrir hvert leigt herbergi eða íbúðina í heild sinni.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, segir að ef á annað borð eigi að leggja á gistináttaskatt eigi öllum að vera skylt að innheimta hann. „Þá væri jafnvel hægt

að lækka gistináttaskattinn aftur og fá samt meiri skatttekjur.“

Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line, er sama sinnis. „Á sama tíma og ríkið er að leita allra leiða til þess að auka gjaldtöku af ferðamönnum horfir það fram hjá því að kerfið er að migleka. Ríkið er með hugmyndir um komugjöld og alls konar viðbótargjöld en nýtir svo ekki þessa tekjulind.“ — ttf

### Þjóðarsorg lýst yfir í Grikklandi

**GRIKKLAND** Þriggja daga þjóðarsorg hefur verið lýst yfir á Grikklandi vegna skógareldanna þar í landi. Hátt í áttatíu manns eru látnir. Þjörgunarfolk gekk í gær fram á lík 26 einstaklinga, börn þar á meðal, í faðmlögum, og eru aðstæður vægast sagt hörnulegar.

Talið er að eldarnir verði þeir mannskæðustu frá árinu 2007 þegar 84 létu lífið í eldum á eyjunni Euboea og Attiku- og Pelópskaga. Á annað hundrað manns hafa slasast í eldunum, sem loga skammt frá höfuðborginni Aþenu.

„Grikkland er að ganga í gegnum ólýsanlegan harmleik,“ sagði Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, um leið og hann lýsti yfir þriggja daga þjóðarsorg í sjónvarpsávarpi í gær.

— þea / sjá síðu 6

### Umferðaröryggi rætt á íbúafundi

**SAMGÖNGUR** Um sjöti manns mættu á íbúafund í gærkvöldi þar sem rætt var um umferðaröryggi í Mosfellsdal. Boðað var til fundarins í kjölfar banaslyss sem varð á Þingvallavegi síðastliðinn laugardag. Meðal fundargesta voru alþingismenn, bæjarstjórnarmenn og fulltrúar Vegagerðarinnar.

Kynntar voru á fundinum aðgerðir sem gripið verður til á næstunni en framúrakstur verður meðal annars bannaður.

Formaður Íbúasamtaka Mosfellsdals var ánægður með fundinn. Barist hafi verið fyrir úrbótum í mörg ár en nú sé loksins eitthvað að gerast. Hann segir varanlega lausn felast í því að gamli Þingvallavegurinn verði endurbýggður. Þetta sé spurning um forgangsroðun.

— sar / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ásta Kristín Sigurjónsdóttir skrifar um rekstur útflutningsfyrirtækja á Íslandi. **8**

**SPORT** Arnór Sigurðsson hefur stimplað sig inn síðustu vikur. **10**

**MENNING** Bibliúsýning í Þorlákshöfði og Skálholti. **24**

**LÍFIÐ** Herraföt eru meira spennandi. Ný fatalína á leiðinni. **30**

**PLÚS SÉRBLAÐ** **FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

**Betolvex B-12**

Betolvex 1 mg cyanocobalamin

Fæst án lyfseðils

Actavis

**Bæjarhátíðarskraut!**  
Vatnsheldar fánalengjur ofl.

Sendum samdægurs  
Finndu okkur á

**PARTYBÚÐIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður



Suðaustankaldi suðvestanlands í dag, en annars hægar og skúr við um land. Milt veður. **SJÁ SIÐU 14**



Almennt tekur hátt í þrjár vikur að fá kaupsamningum þinglýst.

## Nauðsynlegt að taka á stöðinni

**STJÓRNÝSLA** Rafrænar þinglýsingar eru fagnaðarefni en hugsa verður framkvæmdina til lengri tíma lítið, segir Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

„Það er ljóst að það eru fjölmörg ljón í veginum þangað til það verður að veruleika að hægt verði að þinglýsa öllum skjölum er varða fasteignaviðskipti,“ segir Grétar. Líkt og greint var frá í blaðinu í gær hyggst dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp í haust sem gerir kleift að senda inn skjöl til þinglýsingar með rafrænum hætti og þannig stytta bið eftir þinglýsingu.

Grétar segir að dæmi séu um að fólk skrifi undir kaupsamning sem kveður á um að kaupverð verði greitt fyrir ákveðna dagsetningu. „Þetta getur endað á því að þinglýsingin sé afgreidd talsvert eftir að greiðsla á að berast samkvæmt kaupsamningi og þá geta dráttarvextir lagst á jafnvel tugi milljóna króna.“

Þá hafi Norðmenn innleitt í lög rafrænar þinglýsingar fyrir um einu og hálfu ári. Framkvæmdin hafi gengið upp og ofan og enn sé hluti fasteignaviðskipta upp á gamla máttann. „Eg held að við séum að tala um ferli sem mun ekki festa sig að fullu í sessi í fasteignaviðskiptum fyrr en eftir nokkur ár enda að fjölmörgu að hyggja,“ segir hann.

„Nauðsynlegt er að núna sé tekið strax á þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er varðandi þinglýsingar en í dag er farið yfir lögboðna tímaresti daglega og sumt fólk verður fyrir miklu fjárhagslegu tjóni,“ segir Grétar. – **þfh**

## Grænir fingur



Varla var þurr þráður á þessu unga garðyrkjufólki sem vann við að snyrta Laugardalinn í gær. Þau létu vætuna þó lítið á sig fá og spurð hvort bleytan væri að angra þau svöruðu þau að þetta væri í lagi enn um sinn, enda aðeins á öðrum degi í unglingsvinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Mislingasmit í annað sinn í ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Bandarísk stjórnvöld hafa staðfest að einstaklingur með smitandi mislinga hafi verið um borð í tveimur flugvélum WOW air þann 18. júlí frá London Stansted til Keflavíkur, og aftur frá Keflavík til Detroit þann sama dag. Fram kemur í tilkynningu frá Landlækniseimbættinu að allir farþegar beggja flugvéla hafi fengið sendar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar. Að auki eru þeir hvattir til að leita læknis fram að 8. ágúst finni þeir fyrir einkennum sem gætu bent til mislinga – sérstaklega ef þeir eru óbólusetir. Síðast í maí var tilkynnt um einstakling með smitandi mislinga en sá fór um borð í tvær flugvélar.

Þá varaði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin í febrúar síðastlinnu við aukinni útbreiðslu mislinga í Evrópu. Um 20 þúsund Evrópuþúar greindust með mislinga í fyrra. – **sk**

# Fátækir fórnarlömbin í aftökusögu Íslendinga

Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur segir aftökur á Íslandi hafa bitnað á lágstéttum. Steinunn fræðir um aftökur á Íslandi á Þingvöllum annað kvöld. Vítöð er um 220 aftökur eftir að dauðarefsing var tekin hér upp eftir síðaskiptin.

**SAGNFRÆÐI** „Þetta er frekar óhuguleg rannsókn hjá mér,“ jatar Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands, sem rannsakar nú aftökur á Íslandi eftir síðaskiptin.

Vítöð er um 220 aftökur á Íslandi á tímabilinu frá 1596 til 1830. Steinunn fræðir um þessa sögu á Þingvöllum annað kvöld klukkan átta.

Mismunandi aftökuaðferðum var beitt. Til dæmis var konum drekkt fyrir blóðskömm og fyrir að koma nýfæddum börnum fyrir kattarnef en karlar hálshöggirnir. Óxin beið líka þeirra sem fundirnir voru sekir um morð. Hengt var fyrir þjófnáð en brennt fyrir galdra.

„Á Þingvöllum er Drekkingshýlur, Höggstokkseyri, Brennugjain og Gálgaklettur,“ segir Steinunn. „Ég ætla að ganga að þessum stöðum og fjalla almennt um þennan tíma.“

Að sögn Steinunnar voru teknar upp dauðarefsingar á Íslandi árið 1564 í kjölfar síðaskipta 1551; þegar Íslendingar hættu að tilheyra kaþólsku kirkjunni og færðust undir þá lútersku. Kirkjan hafi þá misst rétt til refsinga til Danakonungs. Fyrsta aftakan hafi farið fram 1596.

„Kaþólska kirkjan græddi mjög mikið á syndum annarra. Hún refsaði yfirleitt ekki líkamlega heldur átti fólk að gefa til kirkjunnar og bæta fyrir syndir með samfélagsþjónustu eða skrifa,“ segir Steinunn. Danakonungur hafi einfaldlega hirt eigur fólks sem tekið var af lífi.

Eftir síðaskiptin var tekið til við að refsja fyrir sífjaspell og barneignir utan hjónabands.

„Það sem gerði að verkum að mig langaði að skoða þetta er að það er



Saga Þingvallar geymir marga óhugnanlega atburði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Þetta voru ógeðslegar aðfarir.

Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði



meist lágstéttarfolk sem er tekið af lífi. Það eru vinnukonur sem eignast börn sem er ekki hægt að feðra og vinnumenn sem geta börn utan hjónabands,“ segir Steinunn. „Mig langar til að skoða þessi mál líka út frá metoo-umræðunni og órétti gagnvart lágstéttarfolki því það er greinilegt að valdi var misbeitt í mörgum þessara mál.“

Þeir sem voru líflátnir voru dysjaðir á aftökustað. Fyrir um tuttugu árum var grafnar upp tvær dysjar við Kópavogslæk. „Konan var bara grafin í pokanum sem henni var drekkt í. Höfuð mannsins var sett á stöng.“

Þá nefnir Steinunn svoneftir Sunnevumál frá Borgarfirði eystra.

„Þar eignast sextán ára stelpa barn sem hún segir að presturinn eigi. Þá er hún sett í þumalskrúfu þangað til hún segir að bróðir sinn eigi barnið. Hann er fjórtán ára og þau eru bæði dæmd til dauða. Hann er yngsti Íslendingurinn sem ég veit um sem hefur verið dæmdur til dauða,“ segir Steinunn.

Á Þingvöllum voru 65 manns líflátnir. Steinunn segir að þar hafi lík jafnvel verið sett í gjótur því erfitt hafi verið að búa til dysjar. Almenningsi hafi verið skylt að fylgjast með aftökum og horfa á líkamshluta sem raðað var upp í Almannaá.

„Það lifir enn með kynslöðunum hversu hræðilegt var að upplifa þetta,“ segir Steinunn en undirstrikar um leið að ekki megi horfa fram hjá þessum atburðum:

„Þetta er alveg skelfileg saga en mér finnst við þurfa að draga hana fram svo við getum líka lært af því slæma.“ **gar@frettabladid.is**

**NÝ VEFVERSLUN**

HUGINN MUNINN SKYRTUR

HUGINN MUNINN

[www.huginnmuninn.is](http://www.huginnmuninn.is)

# SKÓLATÖSKUDAGAR

25. júlí - 2. ágúst

Í Skeifu, Kringlu, Smáralind og Garðabæ

Sending væntanleg í allar búðir 27. júlí

**30%**  
afsláttur



Allar JEVA töskur hafa góðan bakstuðning og þeim fylgir:

- Vatnsbrúsi
- Nestisbox
- Íþróttapoki

Allar JEVA og Beckmann skólatöskur eru á sama verði

**14.132 kr**

verð áður 20.189 kr



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 16 l



JEVA skólataska 18 l



JEVA skólataska 18 l



JEVA skólataska 21 l



Beckmann skólataska 22 l



Beckmann skólataska 22 l



Herlitz skólataska

**9.726 kr**  
verð áður 13.899 kr



Herlitz skólataska

**9.726 kr**  
verð áður 13.899 kr



Bakpoki Outside

**6.292 kr**  
verð áður 8.989 kr



Bakpoki Stranger

**5.522 kr**  
verð áður 7.889 kr



Bakpoki Stranger

**5.522 kr**  
verð áður 7.889 kr

Skólatöskur fást ekki á Eibstöngi



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifu

**HAGKAUP**

Meira  
svona  
alla daga

# Mosfellingar krefjast umferðarúrbóta

**SAMGÖNGUR** „Þetta var mjög góður og jákvæður fundur. Það var farið í gegnum það sem á að vera í forangi. Vegagerðin er nú búin að lofa því að lína verði máluð á milli akreina og framúrakstur þar með bannaður,“ segir Guðbergur P. Guðbergsson, formaður Íbúasamtaka Mosfellsdals, en íbúafundur var haldinn í gærkvöldi til að ræða umferðaröryggi í dalnum.

Guðbergur segir baráttuna fyrir endurbótum á veginum hafa staðið undanfarnin 14 ár. Í millitiðinni hafi

umferðin um veginn fjórfaldast. Fundurinn var haldinn í kjölfar alvarlegs bílslyss sem varð á veginum á laugardag en kona um áttátt lést í slysinu sem varð við framúrakstur.

Hann segir að ennfremur hafi verið tilkynnt að sett verði upp svokölluð þéttbýlishlið, sitt við hvorn enda dalsins. „Það voru líka uppi kröfur um að stöðvunarskyldumerki yrðu sett í stað bíðskyldumerkja við öll gatnamót inn á veginn. Svo vilja margir að hámarkshraðinn verði

minnkaður í 50 kílómetra á meðan ekki er komin önnur lausn.“

Sem lausn til langs tíma vill Guðbergur sjá gamla Þingvallavegin endurbyggðan. „Það var ekki tekið illa í það, meðal annars af alþingismönnum og Vegagerðinni. Það þarf hins vegar að finna peninga. Þetta er bara spurning um forgangsráðun.“ G. Pétur Matthíasson hjá Vegagerðinni sat fyrir svörum og sagði að á næstu dögum eða vikum verði máluð heil miðlína á veginum um dalinn sem banni framúrakstur. –sar



Fundurinn í Mosfellsdal var nokkuð vel sóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Hlutur prentmiðla af auglýsingafé fer minnkandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Auglýsingafé til prentmiðla fer enn minnkandi

**FJÖLMIÐLAR** Hlutur prentmiðla af auglýsingafé sem auglýsendur verja með milligöngu birtingarhúsa fer enn minnkandi á síðasta ári. Prentmiðlar halda þó velli sem stærsti auglýsingamiðillinn með um 28 prósent en þetta hlutfall hefur minnkað jafnt og þétt frá 2014 þegar það var 37 prósent. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fjölmíðlanefnd.

Hlutur sjónvarps hefur einnig farið minnkandi og var um fjórðungur á síðasta ári en vefmiðlar sækja í sig veðrið þótt þeir eigi enn langt í land með að ná því hlutfalli sem þekktast víða í Evrópu. Alls fóru tæp 23 prósent til vefmiðla, þar af tæp fimm prósent til erlendra vefmiðla. Auglýsingar sem keyptar eru miðlilaust eru ekki inni í þessum tölum.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, segir umræðuna um rekstrarumhverfi fjölmíðla of oft snúast um áfengisauklýsingar og RÚV á auglýsingamarkaði. Hið fyrsta sé lýðheilsuáhrif sem ekki eigi að blanda í þá umræðu. Þá mætti nýta auglýsingatekjur RÚV til að efla fjölmíðla almennt.

Hann segir það löngu tímabært að fram komi tillögur til að taka á rekstrarvanda fjölmíðla. „Það er búið að greina umhverfi fjölmíðla í bak og fyrir. Nú þurfum við aðgerðir.“ –sar

# Fara í mál að fólkinu forspurðu

Dæmi um að lögmenn í þjóðlendumálum fari með mál umbjóðenda sinna alla leið fyrir Hæstarétt án samráðs við þá. 88 málum skotið til dómstóla síðan 1998, þegar óbygðanefnd var stofnuð. Kostnaður er hár.

**DÓMSMÁL** Dæmi eru um að lögmenn landeigenda í svokölluðum þjóðlendumálum hafi farið með mál þeirra fyrir Hæstarétt án þess að nokkurt samráð hafi verið haft við þá. Málskostnaður vegna málanna greiddist úr ríkissjóði.

Frá því að óbygðanefnd var komið á fot árið 1998 hefur 88 málum verið skotið til dómstóla. Þar af hafa 68 þeirra farið fyrir Hæstarétt. Lausleg samantekt leiðir í ljós að meðaltalsmálskostnaður, hafi málið farið bæði fyrir héraðsdóm og Hæstarétt, er rétt rúmlega 1,5 milljónir króna. Heildarmálskostnaður vegna málanna er á annað hundrað milljóna.

Fréttablaðið hefur undanfarna daga rætt við landeigendur sem hafa verið málsaðilar þjóðlendumála. Í nokkrum tilfellum kom það fyrir að landeigendur komu af fjöllum þegar þeim var bent á að dómur hefði fallið í Hæstarétt í þeirra málum. Engum umræddra landeigenda barst reikningur frá lögmanni vegna vinnu þeirra.

„Áður en máli er skotið áfram til þess að fá úrslausn um inntak eignarréttar er metið hvort það sé nauðsynlegt sem hluti af stærri og samliggjandi heild eða bara eitt og sér,“ segir Friðbjörn E. Garðarsson en hann var lögmaður í einu slíku máli.

„Ég man ekki eftir máli þar sem ekki var haft samráð við landeigendur, eða að minnsta kosti hluta þeirra ef um fleiri en einn var að ræða. Málarekstur af þessu tagi tekur oft mörg ár og því getur verið að jörð skipti um eigendur undir rekstri máls, jafnvel oftar en einu sinni,“ segir Friðbjörn.

„Þegar umboð er fengið frá aðila til að reka málið þá gildir það yfir-



Samkvæmt lauslegri samantekt er meðaltalsmálskostnaður rúmlega 1,5 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég man ekki eftir máli þar sem ekki var haft samband við landeigendur, eða að minnsta kosti hluta þeirra ef um fleiri en einn var að ræða.

Friðbjörn E. Garðarsson lögmaður

leitt bæði fyrir óbygðanefnd og dómstólum. Það er yfirleitt gert ráð fyrir því að sótt sé um gjafsókn og þetta sé umbjóðendum að skaðlausu. Eðli mála samkvæmt

þarf maður ekki að vera að trufla umbjóðanda í gríð og erg. Það er hins vegar almenn siðaregla að maður reki ekki mál án þess að tala við umbjóðanda sinn,“ segir Ólafur Björnsson lögmaður en hann hefur flutt fjölmörg mál landeigenda fyrir nefndinni og dómstólum síðan 1998.

Sem fyrr segir er dæmdur málskostnaður hjá dómstólum oft kringum 1,5 milljónir króna. Ofan á þetta bætist málskostnaður fyrir nefndinni en hann er afar mismunandi eftir umfangi. Ólafur segir algennt að málskostnaðurinn nái ekki yfir

þá vinnu sem liggur að baki hverju máli. Lögmenn ríkisins í málunum hafa fengið mun meira greitt en lögmenn landeigenda.

„Þetta hefur yfirleitt verið meiri vinna en dæmd er. Mismunurinn hefur að hluta til verið greiddur af sveitarfélögum og einstaklingum. Þá hefur oft verið veittur afsláttur af vinnunni,“ segir Ólafur.

Sjaldgæft er að einstaklingar séu krafðir um mismuninn vegna framlagðar vinnu lögmans og dæmðs málskostnaðar. Dæmi eru þó um að slík mál hafi endað fyrir dómstólum. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)

jeep.is

MÁN ÞRI MIÐ FIM FÖS LAU SUN

## JEEP CHEROKEE LONGITUDE

JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF. AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 860.000 KR. FYLGIR FRÍTT MEÐ. TILBOÐSVERÐ 11.930.000 KR.

DÍSEL 2.2 185 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR. AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMILTUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8.4" SKJÁR, LEIDSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓÐKERFI. LYKILLAUST AÐGengi, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI. TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BODI.

Cherokee

UMBODSADILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • ÖPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16  
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. AGÚST

**ISABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE



# NÚTÍMA LÍFSTÍLL GERIR KRÖFUR TIL ELDHÚSSINS



HAVANA



SHAKER WHITE



VH-7 MIDNIGHT BLUE

Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til eldhússins okkar. Líttu til okkar, lýstu kröfum þínum og leyfðu okkur teikna draumaeldhúsið þitt. Ævintýrið byrjar á heimsókn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8, 2. hæð, þar sem allar helstu nýjungar eru til sýnis.

**ORMSSON**  
Lágmúla 8 • sími 530 2800

HTH á Íslandi í 40 ár,  
og þar af í 20 ár hjá Ormsson  
- endurspeglar traust  
Íslendinga til merkisins





# ÚTSALA

VANGO TJÖLD 20-30% AFSLÁTTUR

ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% AFSLÁTTUR

SVEFNPOKAR OG BAKPOKAR 30% AFSLÁTTUR

GÖNGUSKÓR 30-70% AFSLÁTTUR

REIÐHJÓL 50% AFSLÁTTUR



Skeifunni 6 · [www.everest.is](http://www.everest.is)

Að berja höfðinu við steininn



Ólaf Skaftadóttir olof@frettladid.is

Í fyrradag birti Fjölmiðlanefnd árlega samantekt um hvernig auglýsingatekjur skiptast milli miðla árið 2017.

Prentmiðlar halda velli sem stærsti auglýsingavettvangur á íslenskum markaði en birtingarhúsin ræðstafa þó hlutfallslega minna fé til prentmiðla árið 2017 en árið áður.

A móti var meira fé ræðstafað til innlendra og erlendra vefmiðla. Hlutfeldið erlendra vefmiðla fer hækkandi.

Íslenski fjölmiðlamarkaðurinn er lítill, en tækniþróunin er líkt og úti í heimi bæði mikil og hröð. Þetta hefur meðal annars orðið til þess að erlend fyrirtæki, á borð við Google og Facebook, geta boðið íslenskum auglýsendum upp á valkosti í samkeppni við íslensku miðlana.

Af mörgu er að taka í þessum efnum. Eitt dæmi um hve ójafnt er gefið er bann við að auglýsa áfengi í íslenskum fjölmiðlum, sem hefur raunar verið þrætuþepi íslenskra stjórnmálamanna um árabil.

Rökinn fyrir auglýsingabanni halda ekki lengur. Áfengisauglýsingar er að finna úti um allt. Þróunin, fyrir tilstilli netsins, hefur orðið sú að áfengisauglýsingar eru fyrir allra augum, alla daga, þótt þær séu bannaðar í dagblaði. Þær er líka að finna í erlendum tímaritum sem flutt eru til landsins, á samfélagsmiðlum sem heyrta ekki undir lögsögu íslenskra stjórnvalda, og í beinum útsendingum, aðallega frá íþróttaleikjum.

Auglýsingabannið hefur því eingöngu áhrif á íslensku fjölmiðla og framleiðendur. Erlendir miðlar fá engar sektir eins og þeir íslensku sem eru taldir hafa birt áfengisauglýsingar. Er lendum framleiðendum er gert, með liðsinni löggjafans, mun auðveldara að halda sínum vörumerkjum að íslendingum á meðan þeir innlendu lenda miklu frekar í sektum og málsöknum.

Bannið hefur þannig þær einu afleiðingar að íslenskir auglýsendur eru nánast neyddir til að beina sínum viðskiptum til útlanda, til alþjóðlegra netrisa, sem graða á tá og fingri á meðan íslenskir fjölmiðlar berjast í bökkum.

Það verður eitt yfir alla að ganga. Þess vegna eru tveir kostir í stöðunni. Annaðhvort þarf að setja erlendum fjölmiðlum skýrari ramma, eða að afnema það reglverk sem gerir innlendum fjölmiðlum ómögulegt að keppa við þá erlendu.

Að minnsta kosti verða stjórnvöld að búa svo um hnútana að erlendir fjölmiðlar njóti ekki beinlínis lögverndaðs forsksots á íslensku keppinauta.

Haldór



Frá degi til dags

Góðu dónarnir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, var í miklu stuði í síðdegisviðtali við Pétur Gunnlaugsson á Útvarpi Sögu í byrjun vikunnar. Sigmundur kvað þar upp þann dóm að þeirringur tiltekkinn þingmanna út í Piu Kjærsgaard hefði komið fram í „sérkennilegum viðbrögðum“ sem væru í „raun bara dónaskapur“.

Tiðar klósettmótmælaferðir? Sigmundi Davíð varð tíðrætt um að Helga Vala Helgadóttir, þingkona Samfylkingar, hefði í tvisgang „strunsað út“ undir ræðuholdum Piu Kjærsgaard. Þá sagði hann frá því að ónefndur vinur hans hefði bent honum á að slíkar útgöngur getu komið Samfylkingarfólki í bobba færi svo að það kæmist í fyrirheitna landið, Evrópusambandið. „Hvað ætla þessir menn að gera ef þeir verða kosnir á Evrópuþinginu? Þeir verða alltaf á rápinu, inn og út úr salnum þegar eitthvað fólk talar sem er þeim ekki að skapi,“ sagði Sigmundur og bætti við: „Alltaf á ferðinni fram og til baka á klósettið.“

Keppni í ólympískri heppni?



Ásta Kristín Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri Íslensku ferðaklasans

Rekstur útlutningsfyrirtækja á Íslandi á það samþykkingarleg að ytri sveiflur og tilviljanakenndar ákvarðanir gera stjórnendum erfitt fyrir að reka sín fyrirtæki með langtima sjónarmið að leiðarljósi. Fyrirtæki sem eru í vexti og fjárfestingum þurfa að búa við ákveðið rekstrarþryggi til þess að halda velli og eflast. Atríðið sem ógna helst stöðugleika fyrirtækja eru flutningskostnaður, launakostnaður, óstöðugleiki krónunnar, skortur á vinnuafli og síðast en ekki síst opinberar álögur sem oft á tíðum eru settar á án aðlögunar og oft metnar út frá löngu liðnum rekstrarforseðum.

Íslensk ferðaðþjónusta er samkeppnishærni að vera aðfangastaði um allan heim sem keppa um einn og sama ferðamanninn. Það sem ræður því hvert ferðamaðurinn ákveður að fara eru mismunandi þættir, en verð vöru, gæði þjónustu og góð upplifun eru ráðandi. Möguleiki á því að lata verð vöru/þjónustu kosta það sem hún þyrfti mögulega að kosta til þess að þjónustuaðili fengi nauðsynlega framlegð getur ekki hækkað meira en upp að ákveðnum sársaukamörkum kaupanda og er Ísland nú þegar meðal dýrustu áfangastaða í heimi.

Samkeppnishærni Íslands fer dvínandi og í úttekt IMD viðskiptaháskólans sem Viðskiptaráð kynnti á dögumum fellur Ísland um fjögur sæti. Það sem kveikir á viðvörunarþjónu er að stjórnendur stórra fyrirtækja eru svartýnni en áður og meta hættuna af flutningi fyrirtækja á erlenda grund meiri en áður.

Stöndum vörð um íslensk fyrirtæki og starfsemi þeirra, það á ekki að vera keppni í heppni að reka fyrirtæki á Íslandi.

Advertisement for Ergomotion (mattress) and Rekkjan (mattress store). Includes text: ERGOMOTION DAGAR Í REKKJUNNI, Aðeins 23.344 kr. á mánuði, STILLANLEGT RÚM, STADGREITT | 265.954 kr. FULLT VERÐ | 349.892..



# Eru víkingar að verða væluskjóður?



Geir Finnsson  
verkefnastjóri

Astralska sjónvarpsstöðin SBS sýndi á dögunum þátt um Ísland og hversu framarlega við værum í jafnréttismálum. Þó ýmis atriði í þættinum virtust ýkt og einfölduð var dregin upp ágæt mynd af þjóðinni í samanburði við aðrar er kemur að feminisma.

Við fengum að skyggast inn í starfsemi Hjallastefunnar, þar sem stelpum er meðal annars kennt að láta í sér heyra en strákunum að líta inn á við og rækta eigin tilfinningar. Ef marka má viðbrögð glögggra áhorfenda um allan heim er þessari

jafnréttisstefnu okkar Íslendinga ekki tekið fagnandi. Þvert á móti telja áhorfendur víða um veröld að við séum að innræta börnum okkar brenglaðan kynjaboðskap og strákunum aumingjaskap í því skyni að útrýma karlmennskunni.

Fyrir nokkrum vikum var ég á ráðstefnu í Evrópu og kynntist þar fjölmörgu vel gefnu og kláru ungu fólki víða úr heimsálfunni. Þegar jafnréttisáherslur okkar Íslendinga bar á göma var gerður góður römur að máli mínu, að visu aðallega af hálfu stelpnanna. Strákarnir vildu hins vegar frekar ræða við mig í einrúmi og spyrja hvernig væri komið fyrir þessari norrænu víkingabjóð okkar og hvers vegna í ósköpunum við stæðum ekki betri vörð um karlmennskuna.

### Karlmennskan ...

Raddir af þessum toga heyrast víða, meira að segja hér í jafnréttispara-



**Gleymum því ekki að hinir hugrökku víkingaforfeður okkar voru ansi lunknir við margt fleira en að berjast, lyfta þungu grjóti og kanna heiminn.**

disinni. Fólk hefur áhyggjur af því að við kæfum niður allt sem einkennir karlmennsku. Þá skýtur vissulega skökku við að sömu einstaklingum þykir óhugsandi, jafnvel skadlegt, að verið sé að bjóða strákum upp á nákvæmlega sama uppeldi og þeim þykir sjálfsgagt að veita stelpum. Raunverulegi skaðinn felst þó fyrst og fremst í því að binda tiltekna eiginleika við eitt kyn. Það er nefnilega enginn að setja sig upp á móti hugrekki, dyggð, styrk og jafnvel því

að harka hlutina af sér, þegar maður setur spurningamerki við karlmennskuna. Heldur er það hugtakið sjálf sem þarfnast endurskoðunar. Það er engum til gagns að alast upp við að þessir eiginleikar tilheyri eingöngu karlkyninu. Að ala barn upp í þeirri trú kemur í veg fyrir að það proski alla aðra eiginleika sem gerir það að manneskju.

### ... og kvenmennskan?

Að sama skapi þarf að svipta skómminni af því að sýna tilfinningar, veita umönnun og huga að velferð annarra – eða með öðrum orðum, af mannúðinni og mennskunni. Ég held mér sé óhætt að segja að margir telji mannúðina ekki vega eins þungt og eiginleikana sem eru beintengdari karlmennsku. Í því samhengi er líka merkilegt að hugsa til þess að hugtakið kvenmennska er ekki einu sinni til.

Gleymum því ekki að hinir hug-

rökku víkingaforfeður okkar voru ansi lunknir við margt fleira en að berjast, lyfta þungu grjóti og kanna heiminn. Til að mynda lituðu þeir á sér hárið, söfnuðu skartgripum, klæddust litskrúðugum klæðnaði, sömdu ljóð, grétu og sýndu tilfinningar fyrir framan aðra. Sú mynd sem margir hafa af karlmennsku er nefnilega oftan en ekki byggð á steriótýpum sem eiga sér litla stöð í raunveruleikanum.

### Mátturinn og menntan

Ef ala á sterka einstaklinga í samfélagi okkar skiptir höfuðmáli að leyfa þeim að þroskast og dafna sem manneskjur. Það uppeldi sem miðast við að veita börnum aðeins rými til að vera helmingurinn af því sem þau raunverulega eru, með því að steypa þau í staðlað kynjaform, dregur úr styrk þeirra og mætti. Þess vegna megum við ekki láta fordóma svipta okkur mennskunni.

# Ungbarnadauði og ljósmæðradeilan



Ólafur Ólafsson  
fyrirverandi  
landlæknir

Fyrir tæpum 30 árum bauð landlæknir Færeyja mér og fæðingarteymi til Færeyja. Ástæðan var að í umræðum á Lögþinginu var rætt um að ungbarnadauði væri hæstur í Færeyjum miðað við Norðurlönd. Sumir þingmenn lögðu til að leitað væri til Dana en fram kom að ungbarnadauði væri lægstur á Íslandi. Við höldum til Færeyja með

fæðingarlæknana Gunnlaug Snædal og Gunnar Biering. Ljósmæðrum var boðið í ferðina en þær komust ekki.

Við stoppuðum stutt í Færeyjum. Á fundum kom fram að fjöldi forskoðana þungaðra kvenna væri yfirleitt aðeins tvisvar til þrisvar í Færeyjum. Á Íslandi var fjöldi forskoðana 10-11 sinnum. Við lögðum áherslu á þessar ráðleggingar. Þar



**Sumir þingmenn lögðu til að leitað væri til Dana en fram kom að ungbarnadauði væri lægstur á Íslandi.**

réðu ljósmæður miklu en vitaskuld í náinni samvinnu við fæðingarlækna. Síðar kom í ljós í bréfi frá landlækni Færeyinga að ungbarnadauði í Færeyjum hefði lækkað verulega og væri nú svipaður og á Íslandi, lægstur á Norðurlöndum (þetta var staðfest í Nord. Stad. Nordic countries, 2011). Við höfnum orðuveitingu!

dodge.is

## DODGE DURANGO GT PREMIUM

**7 MANNA (SJÖ FULLORÐNIR) LÚXUS JEPPI HLAÐINN BÚNAÐI**  
**Dodge Durango GT Premium VERÐ MEÐ AUKABÚNAÐI KR. 10.910.000**

Hentar vel fyrir ferðaþjónustuaðila (hægt að fá niðurfellingu vörugjalda).  
 32" dekk passa beint undir bílinn. 33" breyting kostar kr. 380.000.

STADALBÚNAÐUR GT PREMIUM M.A.: 7 manna og fer vel um fullorðna í þriðju sætaröðinni, fjarstart, leðursæti, lykillaust aðgengi, upphitað stýrishjól, 20" álfelgur, hiti í fram- og aftursætum, 8,4" snerti- upplýsingaskjár/aksturstölvu, minni í bílstjórasæti, útvarpi og speglum, rafdrifin framsæti, blindhornsvörn, þakbogur með innbyggðum þverbogum, rafmagns afturhleri, Beats hljómkerfi með 9 hátalara og bassaboxi, rafdrifin sóllúga o.m.fl. AUKABÚNAÐUR: Bluray DVD kerfi og málmlitur.



UMBOÐSADILI DODGE Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
 WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16  
 LOKAÐ Á LAUGARÐOGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST



Leikmenn Norrköping fagna innilega einu af þremur deildarmörkum Skagamannsins Arnórs Sigurðssonar fyrir liðið fyrr á þessari leiktíð. NORPICPHOTOS/GETTY

## Býst við að halda sætinu í liðinu

Arnór Sigurðsson hefur stimplað sig inn með liði sínu Norrköping síðustu vikur. Þessi ungi Skagamaður hefur tryggt liðinu sem er í toppbaráttu sænsku úrvalsdeildarinnar sex mikilvæg stig með mörkum sínum.

**FÓTBOLTI** Arnór Sigurðsson hefur verið að komast í æ stærra hlutverk hjá sænska liðinu Norrköping sem er í toppbaráttu sænsku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla. Arnór hefur skorað þrjú mörk í 13 leikjum á tímabilinu og þar að auki lagt upp þrjú mörk fyrir samherja sína. Mörkin hafa skilað liðinu sex stigum, en eftir að hafa komið inn á af varamannabeknum í upphafi leiktíðarinnar hefur hann fest sig í sessi á vinstri vængnum hjá liðinu.

„Ég er að spila á vinstri kantinum í leikkerfinu 3-4-3 og kann bara mjög vel við mig í þeirri stöðu. Það er svo þægilegt að hafa Gumma [Guðmund Þórarinnsson] í vinstri vængbakverðinum og við höfum verið að ná vel saman vinstra megin á vellinum. Ég er að upplagi miðjumaður og gæti líka leyst af þar ef þess þyrfti. Þetta er lið sem vill spila boltanum með jörð-

**Mér fannst ég hins vegar í upphafi þessa tímabils vera kominn á þann stað að geta gert mig gildandi með liðinu. Ég er búinn að byrja sex af síðustu sjö leikjum og standa mig vel að minnu mati.**

Arnór Sigurðsson

inni og spilar skemmtilegan sóknarfótbolta. Sá leikstill hentar mér mjög vel,” sagði Arnór í samtali við Fréttablaðið um hlutverk sitt hjá liðinu.

„Ég er búinn að byrja sex af síðustu sjö leikjum og standa mig vel að minnu mati. Ég held að ég sé búinn að

tryggja mér þessa stöðu eins og staðan er núna og það væri sérstakt að taka mig út úr liðinu þegar tekið er mið af því hversu vel ég hef verið að spila og að árangur liðsins hefur verið góður í þeim leikjum þar sem ég hef verið í byrjunarliðinu,” sagði hann um síðustu leiki hjá liðinu.

„Þegar ég kom hingað fyrir tæpu einu og hálfu ári þá var ég bara 17 ára gamall og það var bara geggið að æfa með aðalliðinu. Mér fannst ég hins vegar í upphafi þessa tímabils vera kominn á þann stað að geta gert mig gildandi með liðinu. Það er ofboðslega gaman að vera í liði sem er í toppbaráttu í Svíþjóð og smá viðbrigið að spila reglulega fyrir framan 20.000 manns,” sagði hann enn fremur um þróun sína hjá sænska liðinu.

Norrköping, sem er í öðru til þriðja sæti deildarinnar, þremur stigum á eftir Hauki Heiðari Hauksyni og

félögum hans hjá AIK sem tróna á toppi deildarinnar, er hálfgerð Íslendinganylenda. Auk Arnórs og Guðmundar er Jón Guðni Fjóluson í lykhillutverki í vörn liðsins og Alfons Sampsted er einnig á mála hjá liðinu.

„Mér liður mjög vel hérna í Norrköping, þetta er fallegur bær og Svíar hafa komið mér skemmtilega á óvart. Það skemmir ekki fyrir að hafa svona marga íslenska leikmenn með sér í liðinu og svo eru vinir og ættingjar duglegir að heimsækja mig. Nú er bara vonandi að mér og liðinu haldi áfram að ganga svona vel. Ég vona svo að þessi góða frammistaða min skili mér fleiri leikjum með U-21 árs landsliðinu,” sagði þessi geðþekki 19 ára gamli Skagastrákur sem fékk smjörþefinn af U-21 árs liðinu þegar hann spilaði í vináttuleik með liðinu gegn Írlandi í mars fyrr á þessu ári. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

### Nýjast

#### Pepsi-deild kvenna

**ÍBV - FH 3-2**

1-0 Sigríður Lára Garðarsdóttir (4), 2-0 Cloé Lacasse (9), 3-0 Cloé Lacasse (32), 3-1 Þóra Björk Eypórsdóttir (50), 3-2 Rannveig Bjarnadóttir (90).

**Grindavík - Breiðablik 0-2**

0-1 Agla María Albertsdóttir (28.), 2-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (89).

**KR - Selfoss 0-1**

0-1 Magdalena Anna Reimus (viti) (44.).

Efri	Neðri
Breiðablik 30	HK/Víkingur 13
Þór/KA 29	Selfoss 12
Valur 20	Grindavík 9
Stjarnan 16	KR 6
ÍBV 14	FH 6

### Sigur kemur liðinu áfram

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta skipað leikmönnum 20 ára og yngri gerði í gær jafntefli, 25-25, þegar liðið mætti Serbíu í fyrri leik sínum í milliríðli á Evrópuumtönu sem fram fer í Slóveníu þessa dagana.

Fríórik Hólm Jónsson, leikmaður ÍBV, var markahæsti leikmaður Íslands í leiknum með fimm mörk og Ágúst Emil Grétarsson, samherji Fríóriks Hólms hjá Eyjalíðinu, og Pétur Arní Hauksson sem gekk til liðs við ÍR frá Gróttu fyrr í sumar, komu næstir með fjögur mörk hvor.

Ísland fór inn í milliríðilinn með eitt stig úr undanríðlinum eftir jafntefli gegn Þýskalandi. Þessi úrslit þýða að íslenska liðið leikur hreinan úrslitaleik við Slóveníu um sæti í undanúrslitum mótsins í dag. Leikur liðanna hefst klukkan 17.00 að íslenskum tíma. –**hó**

### Felix orðinn leikmaður Vejle

**FÓTBOLTI** Felix Örn Fríðriksson, knattspyrnumaður úr Vestmannaeyjum, hefur gengið frá samningi við danska úrvalsdeildarliðið Vejle. ÍBV sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kom að hinn 19 ára gamli vinstri bakvörður hefði verið lánður til danska félagsins til eins árs.

Greint var frá því á dögunum að ÍBV væri í vörðum við Vejle um vistaskipti Felix Arnar til Danmerkur. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann leikið 55 leiki fyrir meistaraflokk ÍBV og þá hefur hann leikið átta leiki fyrir U-21 árs landslið Íslands og tvo vináttulandsleiki fyrir A-landsliðið.

Vejle er nýliði í efstu deild eftir að hafa komið upp úr 1. deildinni á síðasta tímabili og er með fjögur stig eftir tvo leiki. Hjá félaginu hittir hann fyrir Jacop Schoop, fyrrverandi leikmann KR. –**kpt**

**Felix Örn Fríðriksson mun leika með Vejle næsta ári.**  
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



SUNSTAR  
**GUM**  
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.™

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

SUNSTAR GUM Originalflúttu FÖR STARKA OCH NATURLIG FÖR STARKA OCH NATURLIG

ARTASAN  
www.artasan.is

## Valdís Þóra með á Opna breska meistaramótinu

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr Leyni, hefur tryggt sér þátttökurétt á Opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Royal Lytham & St Annes-vellinum á Englandi fyrstu helgina í ágúst. Það var visir.is sem greindi frá þessu.

Valdís Þóru hefur gengið vel í Evrópumótardöðinni á þessu tímabili, en það er góður árangur hennar þar sem veitir henni þátttökurétt á móti sem er eitt af risamótunum fimm. Valdís Þóra er í 17. sæti á stigalistanum á Evrópumótardöðinni, en eftu 25 kylfingarnir þar fá sæti á Opna breska. Það var góð frammistaða á móti Tailandi um síðustu helgi sem gulltryggð sætið.

Þetta er í annað sinn sem Valdís Þóra keppir á risamóti, en hún var á meðal keppenda á Opna banda-

» Þetta er annað risamótið sem Valdís Þóra Jónsdóttir tekur þátt í en hún var meðal þátttakenda á Opna bandaríska meistaramótinu í fyrra.

ríska meistaramótinu í fyrra. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr Golfklúbba Reykjavíkur, tók þátt í móti í fyrra fyrst íslenskra kylfinga, en hún freistar þess að endurtaka leikinn með góðri frammistöðu á móti sem fram fer í Skotlandi um helgina.

Haraldur Franklín Magnúss varð svo fyrsti karlkylfingurinn til þess að spila á Opna breska þegar hann spilaði á móti á Carnoustie-vellinum í Skotlandi um síðustu helgi. –**hó**




# KRAUMA

## — UPPLIFÐU KJARNA ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU —

Krauma eru náttúrulegar sem innihalda tært vatn, beint úr Deildartunguhver sem kælt er með vatni undan öxlum Oks, minnsta jökuls Íslands.

Krauma býður upp á fimm heitar laugar, kaldan pott, tvö gufuböð og hvíldarherbergi þar sem hægt er að slaka á í legubekkjum við snarkið í arineldi.



Njóttu ljúffengra veitinga á veitingastað Krauma, þar sem lögð er áhersla á ferskt íslenskt hráefni úr héraði.

Krauma er staðsett hjá Deildartunguhver, 320 Reykholt. Krauma er í 97 km fjarlægð frá Reykjavík.

+354 555 6066

[www.krauma.is](http://www.krauma.is)

Deildartunguhver, 320 Reykholt



# TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Kristbjörg Sveinsdóttir**  
(Kidda)

ættuð frá Skoruvík á Langanesi, lést miðvikudaginn 18. júlí. Útförin fer fram frá Frikkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 27. júlí klukkan 11.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Guðni Óskar Jensen



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**Áslaug Ragnars**

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 18. júlí. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 27. júlí kl. 13.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Andrés Magnússon  
Kjartan Magnússon



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Sjöfn Janusdóttir**

er látin.  
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 31. júlí kl. 11.00.

Karen Kjartansdóttir  
Valborg Kjartansdóttir  
Kjartan Kjartansson

Eiríkur Trausti Stefánsson  
Magnús Haukur Magnússon  
Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir  
barnabörn og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Erlendur Ragnar**  
Kristjánsson

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 10. júlí. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Fjölskyldan þakkar kveðjur og hlýhug.

Anna Guðmundsdóttir  
Erlendur B. Magnússon  
Fjöla Ragnarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

**Finnbjörns Þorvaldssonar**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á 3. hæð Hrafnistu í Hafnarfríði fyrir frábæra umönnun.

Theodóra Steffensen  
Björn Finnbjörnsson  
Finnbjörn Finnbjörnsson  
Þorvaldur Finnbjörnsson  
Sigríður Finnbjörnsdóttir  
Gunnar Þór Finnbjörnsson  
Halldóra Svala Finnbjörnsdóttir  
Úlfar Finnbjörnsson  
Sigrún Hafsteinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5407.

## Djúpheilandi og umbreytandi upplifun

Á morgun verður upplifunarverkið Ómur sýnt í Hofi á Akureyri. Þau Arnbjörg Kristín og Frimann Kjerúlf standa á bak við upplifunina. Barna mun samspil ljóss og hljóðs virka raunverulega umbreytandi á áhorfendur sem mega sitja, liggja eða standa yfir verkinu.

Þetta er svolítið skemmtilegt mix – við Frimann erum búnir að vera að vinna saman í svolitinn tíma í alls konar verkefnum. Hann er aðallega DJ, eðlisfræðingur og myndlistarmaður. Ég er búin að stúdera hljóð og vibrasjón og heilandi hljóðfall mjög mikið á síðustu árum. Þannig að við ætlum að búa til upplifun sem fer fram í stóru svörtu boxi á Hamraborgarsviðinu í Hofi," segir Arnbjörg Kristín en þau Frimann Kjerúlf ætla að sameina krafta sína í Hofi á morgun frá klukkan 19-22. Arnbjörg eins og segir með hljóðstúdíur sínar og Frimann með eðlisfræðina, það er að segja ljósræna eðlisfræði sem hann hefur verið að einbeita sér að og nefna þau upplifunina Ómur.

"Fólk labbar inn í rými þar sem verður ljóssverk í gangi allan tímann sem hefur ákveðin hughríf, svo mun ég spila á hljóðfæri – það verður ekki sýnilegt, en þetta verður lifandi flutningur sem verður magnaður upp í rýminu. Fólk má sitja, standa eða liggja – það verða þarna jógadýnur. Þetta er upplifunarbox og raunverulega umbreytandi. Ég flutti inn fyrir verkið risastórt gong, sem er eitt sinnar tegundar hér á Íslandi, og það verður miðju-eplið í þessu og svo verða fimm gong sem ég slæ á til skiptis og þau eru með mismunandi vibrasjón-tíðir."

Það eru sem sagt hljómar gongsins auk ljóssins sem hafa áhrif á skynjun áhorfenda sem ýmist liggja eða standa í Svarta kassanum þarna á sviðinu í Hofi. Arnbjörg segir það vera djúpheilandi að labba inn í rýmið.

"Fólk gengur beint inn á sviðið – það er búið að loka af áhorfendasalinn. En sviðið er rosastórt og mjög hátt til lofts. Fólk má vera eins lengi eða eins stutt og það vill þarna á milli sjó og tíu. Þetta



Arnbjörg og Frimann hafa unnið töluvert saman síðustu árin. MYND/LEIFUR WILBERG

þarna verður hægt að vera í þrjá tíma að upplifa og umbreytast. Ég get ekki beðið!

verður rosalega magnað – þarna verður hægt að vera í þrjá tíma að upplifa og umbreytast. Ég get ekki beðið!"

Miðsala fer fram í Hofi. Miðinn kostar 1.500 krónur, en 1.000 krónur fyrir námsmenn. Það er ókeypis inn fyrir átján ára og yngri. [stefanthor@frettabladid.is](mailto:stefanthor@frettabladid.is)



Hjartans þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem hafa sýnt okkur samúð, kærleik og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður og ömmu,

**Birnu Sigurbjörnsdóttur**  
hjúkrunarfræðings.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Lögmannshliðar fyrir alúð og kærleiksrika umönnun.

Berglind Svavarsdóttir  
Hildigunnur Svavarsdóttir  
Anna Margrét Svavarsdóttir  
Sveinn Svavarsson  
Ógmundur H. Knútsson  
Örvar Þór Jónsson  
Sigrún Sigvarðardóttir  
og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Diðrik Óli Hjörleifsson**  
Smyrlaheiði 18,  
Hveragerði.

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 20. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Breiðhóltskirkju laugardaginn 28. júlí næstkomandi kl. 13.00.

Ómar Diðriksón  
Guðný Ósk Diðriksdóttir  
Dagný Diðriksdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.  
Guðrún Elin Svansdóttir  
Elvar Steinn Þorkelsson  
Geir Ólafsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigmar Jónsson**  
stórkaupmaður,  
Strikinu 8,

lést á líknardeild Landspítalans, mánudaginn 23. júlí. Útförin fer fram í Bústaðakirkju, mánudaginn 30. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Thorvaldsensfélagið.

Hlíf Jóhannsdóttir  
Ólöf G. Ásbjörnsdóttir  
Sveinn Dal Sigmarsson  
Sigrún Sigmarsdóttir  
Jóhanna Sigmarsdóttir  
Sigurður Gunnarsson  
Sigurður Guðmundsson  
Atli Guðmundsson  
barna- og barnabarnabörn.



Elsku mamma mín, amma og langamma,  
**Helga Guðmundsdóttir**  
Hlíðarvegi 1, Kópavogi,  
búsett að Skógarbæ,

lést 21. júlí sl.  
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 30. júlí kl. 13.00.

Þóra Guðrún Gunnarsdóttir  
Klara Rakei Grétarsdóttir  
Júlia Grétarsdóttir  
Grétar Sölvason  
Rúnar Ingi Garðarsson  
Gabriel Ingi Rúnarsson

# LEÓK

MÍÐVIKUDAGUR 25. JÚLÍ 2018

## Heimili



Gunnhildur Gísladóttir keypti sér gamalt hús þar sem var falleg, gömul innrétting. Sú hefur fengið að halda sér en með smávegis breytingum. ➔4



## Bestu hugmyndirnar fæðast í stofunni

Stór hluti lífs hjónanna Þóreyjar Bjarkar Halldórsdóttur og Baldurs Björnssonar fer fram í stofunni heima. Þar fæðast m.a. bestu hugmyndirnar og þar njóta þau góðra samverustunda með börnum sínum og vinum. ➔2

Hjónin Þórey Björk Halldórsdóttir og Baldur Björnsson í stofunni góðu ásamt yngri dóttur sinni, Úlfhildi Þoku, þriggja ára ofurhuga. MYND/ÞÓRSTEINN

ÚTSÖLUSPRENGJA Á GÆÐA MERKJAVÖRU MEIRI OG MEIRI AFSLÁTTUR ALLT AÐ 60%

Skoðið laxdal.is

**BERNHARD LAXDAL**

Laugavegi 63 • Skipholt 29b • S: 551 4422

Ventu vinar á Facebook

EITT KORT  
34 VÖTN  
7.900 kr.

**VEIÐIKORTIÐ 2018**

Vatnaveiði er fjölskylduævan útivíst. Börn yngri en 14 ára veiða frítt með korthafa.

www.veidikortid.is

**VEIÐIKORTIÐ 2018**

Söluastaðir:  
N1 - ÖLIS - ÍSLANDSPÓSTUR og veiðivöruslanir um land allt. Frí heimsending þegar pantað er á www.veidikortid.is.

Starri Freyr Jónsson

starr@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

**S**tofán er hjartað á heimili hjónanna Þóreyjar Bjarkar Halldórsdóttur fatahönnuðar og Baldurs Björnssonar, mynd- og tónlistarmanns, en saman skipa þau hönnunartvöskýndi And Anti Matter. „Við keyptum íbúðina fyrir tveimur árum og breyttum miklu en stofan, og birtan sem fylgdi henni, var það sem gerði útslagið við kaupin. Hún er því eina herbergið í íbúðinni þar sem við breyttum nánast engu, nema að splæsa í græna málningu á plöntuvegginn, færa til rafmagn og svo auðvitað var lagður korkur á alla íbúðina, þar með talda stofuna,“ segir Þórey Björk.

Fjölskyldan eyðir mestum tíma í stofunni að sögn Baldurs. „Hér fer lífið fram. Við drekkum morgunkaffið hér, borðum góðan mat, verjum tíma með börnunum okkar, drekkum með vinum, vinnum að hugmyndum, tölum um framtíðina og hlustum á tónlist.“

**Borðið er staðurinn**

Borðstofuborðið er fyrirferðarmikið í stofunni og þar eyða hjónin oft löngum stundum. „Borðið er staðurinn þar sem við eyðum hvað mestum tíma. Þar tökum við á móti gestum, borðum saman, bjóðum upp á kaffi, teiknum, skissum, vinnum og fáum okkar allra bestu hugmyndir. Græni plöntuveggurinn í stofunni er síðan í ævlingri þróun þar sem hann breytist og þróast með tímanum. Okkur þykir líka gaman



að safna listaverkum og gripum og eigum mikið af þeim auk þess sem finna má verk okkar í stofunni og annars staðar í íbúðinni.“

**Gólfklukka og tætarí og uppáhaldi**

Aðspurð um uppáhaldshlut eða -húsgagn í stofunni hafa þau ólíka skoðun. „Uppáhaldshluturinn minn er IBM gólfklukka sem ég fann í

Tætarinn hans Baldurs situr stoltur á magnaranum en hann er í miklu uppáhaldi.



Verk eftir Guðmund Thoroddsen, vin hjónanna, sem þau fengu frá honum í brúðkaupsgjöf. IBM gólfklukkan er í miklu uppáhaldi.



Blómaveggurinn er í stanslausri þróun en þau segjast elska hann. Hugmyndin kom strax við kaup á íbúðinni þar sem þau vildu setja upp grænt á grænu.

skranbúð og hefur örugglega átt heima í sundlaug eða á álíka stað,“ segir Þórey Björk. Hins vegar heldur Baldur mest upp á tætarann. „Hann er sérlega hentugur ferðatætarí sem ég fékk að gjöf. Saman elskum við hins vegar alla listina okkar sem ekki er hægt að gera upp á milli.“

Helsta verkefnið fram undan í stofunni er flokkun á plötusafninu segja þau. „Svo viljum við endilega bæta við blómum og listaverkum auk þess að bólstra nokkra stóla sem við eigum.“

En hvað skyldi skipta mestu máli þegar kemur að fallegu heimili að þeirra mati? „Að fylgja sjálfum sér

en ekki utanaðkomandi tiskustraumum og stefnum. Svo hjálpar ef þú hefur gaman af skritnum hlutum.“

**Ýmislegt í vendum**

Ýmis skemmtileg og spennandi verkefni eru fram undan hjá Þóreyju Björk og Baldri en næst á dagskrá er sýning í FRACAS Gallery í Brussel í Belgíu þann 6. september. „Við erum að vinna hörðum höndum að nýjum hlutum fyrir þá sýningu um þessar mundir en gallerið mun sjá um að kynna vörur okkar í Evrópu. Eftir heimkomuna ætlum við að flytja tímabundið

inn á Hönnunarsafnið þar sem við munum koma okkur fyrir á jarðhæð safnsins með opna vinnustofu sem breytist í sýningu með tímanum. Þar verður hægt að koma og fylgjast með okkur við vinnu að næstu vörulínu. Þar erum við að teygja mörkin á skilgreiningu hugtaksins „vörulína“ en erum að vinna með ofinn textíl, postulín, áfengi og tónlist í samstarfi við fólk og verksmiðjum víðsvegar um heiminn. Síðan stefnum við á að gera myrka sýningu á Hönnunarsmámi 2019 á leynistað.“

Hér sýna Þórey Björk og Baldur lesendum inn í stofuna heima.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan SMÁRALIND FJÖRÐUR

BONUS KJÖRBÚÐIN Krambúð nettó

NI olis bókaláta.stúdenta Háma

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
mest lesna dagblað landsins.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar  
Ábyrgðarmáður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Úmsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfrey@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigridur@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, Starr@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5358

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433

# GUIDELINE®

It's all about the experience



## AF HVERJU AÐ FLÆKJA HLUTINA?

MEÐ GUIDELINE VERÐUR LAXVEIDIN BÆÐI EINFÖLD OG ÁHRIFARÍK

**Elevate** línan frá Guideline er lína af stöngum í milliverðflokki.

Léttar og nákvæmar með frábæra hraðaleiðréttingu.

Tvíhendurnar í línunni eru miðlungs hraðar og er virkinn innblásinn frá nokkum af vinsælli stöngum sem Guideline hefur framleitt.

**LPXe** er táknrænasta sèria Guideline, og hefur verið með þeim allt frá upphafi.

Algerlega endurhannaðar 2017, eru skarpar, léttar, hraðar með hefðbundinni 3/4 djúphleðstu.

Vel ballanseraðar og eru með hrátt, leyndardómsfullt útlit sem vekur hrifningu í hverju smáatriði.

**NT8** er nýjasta flæggskip Guideline, framleidd með nýjustu Nano-Tube styrkingartækni.

Mjög léttar, gríðarlega stærkar, miðlungs hraðar með ótrúlegri hraðaleiðréttingu.

Tvíhendurnar í línunni eru sex hluta og koma með super grade Portúgölskum korki í hæsta gæðaflokki í handfangi.

FAVO

Öll pakkatilboðin innihalda hin nýju FAVO fluguhjól, en innblástur þeirra kemur frá Fario og Vosso hjólum Guideline.

Bremsan er mjúk, nákvæm, og hefur sannað sig yfir árin.



### GUIDELINE NT8 PAKKATILBOÐ

**KR 132.950,-**

- › NT8 tvíhenda
  - › 12.9' #7/8, #8/9
  - › 13.9' #9/10
- › GUIDELINE FAVO fluguhjól
- › Compact Multi-tip línakerfi
- › Compline II running lína
- › Hágæða dacron undirlína

### GUIDELINE LPXe PAKKATILBOÐ

**KR 93.950,-**

- › LPXe tvíhenda
  - › 12' #8/9
  - › 13' #8/9
- › GUIDELINE FAVO fluguhjól
- › Compact Multi-tip línakerfi
- › Compline II running lína
- › Hágæða dacron undirlína

### GUIDELINE LPXe Switch PAKKATILBOÐ

**KR 89.950,-**

- › LPXe switch stöng
  - › 11' #6/7, #7/8, #8/9
- › GUIDELINE FAVO fluguhjól
- › Compact Multi-tip línakerfi
- › Compline II running lína
- › Hágæða dacron undirlína

### GUIDELINE ELEVATE PAKKATILBOÐ

**KR 78.950,-**

- › Elevate tvíhenda
  - › 12' #7/8
  - › 12.6' #8/9
- › GUIDELINE FAVO fluguhjól
- › RM Float Evolve skotheaus
- › Compline II running lína
- › Hágæða dacron undirlína

### GUIDELINE LAXÁ

TILBÚINN TVÍHENDUPAKKI

- › 12.6' #8/9, 13.7' #9/10
- › FAVO fluguhjól
- › Multi-tip lína
- › Sökkendi S3
- › Hólkur

VERÐ FRÁ

**KR 49.850,-**

### GUIDELINE LAXÁ

TILBÚINN SWITCH PAKKI

- › 11' #7/8
- › FAVO fluguhjól
- › Multi-tip lína
- › Flotendi
- › Hólkur

VERÐ

**KR 43.850,-**



20% AFSLÁTTUR VID UPPFÆRSLU

Uppfærðu pakkann með Alfa Infinity fluguhjól - frábær tvíhenduhjól sem eru sambland af miklu augnauyndi og miklum krafti.

Hjól sem hentar fyrir allar ýtrustu aðstæður.



### TAUMAEFNI

Flott úrval - Frábært verð  
Fulling Mill, Wychwood,  
Maxima, UMPQUA



VÖNDUÐU FLUGUVEIDIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM



HLÍÐASMÁRI 13  
201 KÓPAVOGUR  
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441  
Opíð virka daga frá 16:00 til 20:00  
Laugardaga opíð frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is  
http://www.flugubullan.is



facebook.com/flugubullan/

# Áratugagömul innrétting stendur ennþá fyrir sínu

Gunnhildur Gísladóttir keypti sér gamalt hús eftir að hafa fallið fyrir upprunalegri eldhúsinnréttingunni. Aldrei hefur komið til greina að skipta innréttingunni út fyrir nýja en gegnum árin hefur hún reglulega gengið í gegnum breytingar.

Ragnheiður Tryggvadóttir  
heid@frettabladid.is



Eldhúsinnréttingin var það fyrsta sem við féllum fyrir þegar við keyptum þetta gamla hús árið 1999. Hún var upprunaleg frá árinu 1955 og ótrúlega falleg. Síðan þá höfum við byggt við húsið og gerðum nýtt eldhús. Þá færðum við innréttinguna og smíðuðum við hana. Það kom ekki til greina að farga henni," segir Gunnhildur Gísladóttir, sem er nýbúin að gera upp rúmlega sextiu ára gamla eldhúsinnréttingu, í þriðja sinn.

„Hún var græn að lit þegar við keyptum húsið og við máluðum hana fljótlega eftir að við fluttum inn. Ætli við séum ekki búnin að mála hana tvisvar síðan þá. Nýjasta úrfærslan er bláir neðri skápar og ljósir efri. Maðurinn minn var hrifnari af dökkum lit og ég af ljósum og þetta varð niðurstaðan. Við erum ótrúlega ánægð með þetta," segir Gunnhildur enda liggur mikil vinna á bak við nýtt útlit.

„Við tókum hana alla niður, þús-



Gunnhildur segir að það hafi aldrei komið til greina að skipta gömlu innréttingunni út fyrir nýja en hún er frá árinu 1955. MYND: ÞÓRSTEINN

uðum og handmáluðum allt. Og ég verð að viðurkenna að þetta er dálítið mikið mál, þegar við vorum að gera þetta í þriðja sinn. En hún er svo vel smíðuð og falleg. Hornskáparnir eru sérstaklega fallegir, smíðaðir í boga," segir Gunnhildur.

Innréttingin hefur því staðið fyrir sínu í meira en sextiu ár en þó verið aðlöguð nútímakröfum.

„Eldhús verður að vera þannig að hægt sé að breyta því eftir því hvernig þarfirnar breytast. Ég er iðjubjálfi og kenni líkams-

beitingu. Þegar við breyttum eldhúsinu hækkuðum við því til dæmis sökkulinn en innréttingar frá þessum tíma voru miklu lægri en í dag. Á henni var stálborð sem við skiptum út fyrir borplötu, bættum við uppþvottavél og komum fyrir örbylgjuofni. Við settum einnig skúffur í neðri hlutann þar sem áður voru skápar og notuðum skápana í efri hlutann. Við aðlöguðum hana nútímaþörfum en héldum alveg í gamla útlitið," segir Gunnhildur.



„Maðurinn minn var hrifnari af dökkum lit og ég af ljósum," segir Gunnhildur en þau hjónin frískuðu nýlega upp á innréttinguna með fallegum litum.



Bogadregnir hornskáparnir eru listasmið og setja mikinn svip á innréttinguna.

Laugardaginn 28. júlí mun Fréttablaðið gefa út aukablaðið

## AUGUN OKKAR

Það er áhugavert að samkvæmt sömu rannsókn þá eru karlmenn mun svifasénni til að leita sér aðstoðar við skertri sjón, hafa þá tilhneigingu til að setta sig við ástandið.

Markmið þessa blaðs er að bjóða lesendum okkar upp á ýmislega gagnlega fræðslu um heilbrigði augna. Bæði forvarnir og fræðslu um helstu augnkvilla sem herja á fólk í nútímasamfélagi. Einnig sláum við á léttari strengi, skoðum nýjustu tiskustrauma gleraugna og sólgleraugna.

Boðið er upp á hefðbundin auglýsingahólf sem og umfjallanir sem eru settar upp af blaðamanni okkar í góðu samráði við auglýsanda.

Stór dreifing og mikill lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til ákjósanlegra markhópa.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon  
Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins  
arnarm@frettabladid.is Sími: 512-5442



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



nettoline  
STYRKUR - ENDING - GÆÐI



# HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRETTINGAR

★★★★★  
**TRUSTPILOT**  
Nettoline fær 5 stjörnur frá  
dönskum gagnrýnendum



## PÍT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöngu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska.



## GOTT SKIPULAG

Það getur verið mikil kúnt að nýta pláss á sem bestan máta. Með fjölbreyttum skápalausnum frá Friform á hver hlutur sinn stað. Gott skipulag léttir þér lífið og sparar bæði tíma og fyrirhöfn.



## VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

## OPIÐ:

Mán. - fim. kl. 09 til 18  
Föstudaga kl. 09 til 17  
Lokað á laugardögum í sumar.

 **Friform**

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

# Þrívíddarprentuð heimili

Þrívíddarprentun hefur ótalmarga notkunarmöguleika, en einn þeirra er að prenta út heilu húsin. Þessi spennandi nýja tækni gæti því nýst vel við að leysa húsnæðisvanda víða um heim.

**Oddur Freyr Þorsteinsson**  
oddufrey@frettabladid.is



Þrívíddarprentun hefur mjög fjölbreytta notkunarmöguleika og verður áreiðanlega sífellt meira áberandi á næstu árum. Ein leið til að nýta þessa tækni er við að byggja hús. Undanfarnir ár hafa tilraunir með þessa byggingaraðferð skilað svo góðum árangri að nú á að fara að nýta hana í auknum mæli. Frumkvöðlar í Hollandi ætla að þrívíddarprenta heimili til að mæta skortinum á múrurum þar í landi og lækka húsnæðiskostnað og bandarískir frumkvöðlar ætla að framleiða 100 þrívíddarprentuð hús sem eiga að nýstata fátæku fólki í El Salvador.

## Þrívíddarprentuð einbýlishús

Í hollensku borginni Eindhoven er verið að prenta fimm einbýlishús sem verða tilbúin um mitt næsta ár. Byggingarfyrirtækið Van Wijnen, sem vinnur að verkefninu í samstarfi við tækniháskóla borgarinnar, segir að þetta sé lausn við skortinum á faglærum múrurum í Hollandi. Þessi aðferð minnkar líka kostnað og umhverfisáhrif, því það þarf minni steypu í þrívíddarprentuð hús en venjuleg. Síðast en ekki síst er skortur á húsnæði í mörgum fjölmennum borgum og þessi ódýra byggingartækni gæti bætt úr því.

Þrívíddarprentarinn sem er verið að nota er í raun risastór vélmennisarmur með stút sem sprautar út sérblönduðu sementi. Sementið er notað til að prenta hönnun arkitektisins, lag fyrir lag.

Enn sem komið er þarf að byggja grunna fyrir húsin á hefðbundinn hátt og til að byrja með verða bara veggir nýju heimilanna prentaðir, en þegar öll húsin fimm eru tilbúin og stefnt í að prenta pípuþagnirnar og

annan nauðsynlegan búnað.

Þessi byggingaraðferð opnar möguleikann á því að setja þróaða skynjara beint inn í veggina sem stjórna hlutum eins og lýsingu, kyndingu og öryggiskerfi og skapa þannig „snjallheimili“.

Annar kostur við þrívíddarprentuð hús er að það er hægt að prenta þau út í alls kyns mismunandi fornum og litum. Þetta gæti gert fólki kleift að sérsníða hús eftir smekk eða hentugleika og jafnvel þýtt að það verði auðveldara að gera hús sem endurspeglar á einhvern hátt það sem þau eru notuð í. Þetta er ekki fyrsta byggingarverkefni tækniháskólans í Eindhoven. Skólinn sá líka um að byggja þrívíddarprentaða hjólabrú sem var opnuð í bænum Gemert á síðasta ári. Hollensku frumkvöðlarnir spá því að þrívíddarprentun verði komin í almenna notkun í byggingarstarfsemi innan fimm ára.

## Getur tryggt mörgum hússaskjól

Meira en milljarður manna fer að sofa á hverju kvöldi án þess að hafa almennilegt hússaskjól. Þessu vilja bandarískir frumkvöðlar breyta með metnaðarfullu verkefni sem nýttir þrívíddarprentuð hús.

Verkefnið er samstarfsverkefni milli byggingarfyrirtækisins Icon og góðgerðarsamtakanna New Story, sem sér fólki í fátækum löndum fyrir hússaskjól. Þessum hópi hefur tekist að þróa leið til að þrívíddarprenta 35 fermetra hús á 48 klukkustundum, en steypan í húsið kostar um milljón krónur. Markmiðið er að ná að byggja 60 fermetra hús á 12 til 24 klukkustundum og að ná kostnaðinum niður með magninnkaupum á steypu og endurbótum á þrívíddarprentaranum.

Hæð og breidd húsnanna takmarkast af stórum málramma sem starfar sjálfvirk og vinnur eftir tölvuáskriftum. Ramminn er á



Svona lítur lokaafurðin frá Icon og New Story út. Lítið en glæsilegt hús sem margir gætu hugsað sér að búa í.



Þessi mynd sýnir hvernig prentari Icon og New Story virkar, en hann er á teinum og prentar húsin lag fyrir lag.



Svona eiga þrívíddarprentuðu húsin í Eindhoven að lita út þegar þau eru tilbúin. MYNDIR: PROJECT MILESTONE

teinum, þannig að það er annaðhvort hægt að byggja hjólið við hjólið eða eitt mjög langt.

Eftir prentunina þarf að smíða þak, setja gler í glugga og sinna ýmsum öðrum frágangi, eins og að leggja rafmagn og pípuþagnir og koma húsgögnum fyrir. Útkoman er svo heimili sem getur bæði þolað vont veður, slit og álag.

Seinna á þessu ári fer þetta

verkefni til El Salvador til að byggja nokkur prufuhús, en hugmyndin er að búa til 100 húsa samfélag á næsta ári. Verkefnið er fjármagnað með peningagjöfum frá stuðningsmönnum þess í Kisildal og húsin verða seld á lágu verði með mjög sanngjörnum lánum. Peningarnir sem koma frá afborgun lánanna verða svo nýttir til að halda verkefninu áfram.

Forsvarsmenn verkefnisins vonast til að svona hús geti hjálpað fátæku fólki um allan heim til að eignast heimili, því þetta er ódýrt, einfalt og fljótlegt í framleiðslu miðað við hefðbundin hús og veitir gott skjól. Þeir segja að það væri einfaldlega óábyrgt af þeim að reyna ekki að nýta þessa tækni til að breyta því hvernig fólk fer að því að finna sér hússaskjól.

**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Kristjana Guðbrandsdóttir,  
Fréttamaður

*Kristjana G.*



Það getur verið erfitt og leiðgjarnn að vera alltaf í mikilli sól og hita. Það hafa Svíar fengið að reyna í sumar með ýmsum slæmum afleiðingum.

## Mesti hiti í 262 ár

Á meðan við hér uppi á Íslandi kvörtum yfir kulda og votviðri farest frændur okkar í Svíþjóð yfir hita og rigningarleysi. Þessi mánuður stefnir í að vera sá heitasti í meira en 260 ár þar í landi, samkvæmt frétt á vefmiðli Aftonbladet. „Það er óvenjulegt að það sé svona heitt í langan tíma í einu,“ er haft eftir veðurfræðingnum Mikael Sjöstrand. Veðurmælingar hófust árið 1756 en frá þeim tíma hefur aldrei verið jafn heitt í Svíþjóð í júlí í svo langan tíma í einu. Spáð er áframhaldandi hita út mánuðinn. Það er með sanni hægt að segja að hitastigi í Svíþjóð sé eins og það gerist best við Miðjarðarhafið. Strax í maí voru sett hitamet í landinu en hann var sá heitasti í meira 100 ár.

Þótt notalegt sé að fá sólardaga þá eru flestir Svíar öröndir þreyttir á

langvarandi hita og þurrki. Varað er áfram við eldhættu vegna þurrka en skógareldar hafa kviknað víða um landið í kjölfar hitans. Á sumum stöðum á landinu er vatn gengið til þurrðar og það er stranglega bannað að vökva garða eða eyða vatni í óþarfa. Þá er einnig algjört bann við því að grilla úti víða í Svíþjóð og sérstaklega er hættulegt að nota einnota grill. Lögreglan fær tugi samtala á dag þar sem henni er tjáð að fólk sinni ekki banninu og sé úti að grilla.

Hitinn fer yfir þrjátíu gráður á allnokkrum stöðum í Svíþjóð á næstu dögum og hefur fólk verið hvatt til að halda sig innandyra meðan mesti hitinn gengur yfir. Sérstaklega er varað við að hitinn geti verið hættulegur ungun börnum, sjúklingum og eldra fólki.

# Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi  
er opin allra virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki motorhjól Komdu og klttu við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkar.

**SUZUKI**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is

Ábendingahappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Bíla & FerðavagnaMarkaður



Hobby excellent 540 UL árg 06.2018 tvö rúm, rafgeymir, hleðsla, skipti möguleg á fellihýsi raðn, 122643 verð 3.990 þús. Erum með aðstöðu hjá Bilalind við breiðhöfða vantar allar gerðir ferðavagna á skrá og planið.



Tec 410 árg 2007 fortrjald, sólasella, kójur, raðn, 122669 verð 1580 þús skipti, möguleg

Ferðavagnamarkaður Breiðhöfða,  
Sími: 659 2452  
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.  
[www.ferdavagnamarkadur.is](http://www.ferdavagnamarkadur.is)

## Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BILINN ?

Kaupi bíla 25-250þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

## Varahlutir

### VAKA

BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!  
MIKID ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | [vakahf.is](http://vakahf.is)

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgein bremsuviðgerðir. Renni diskar og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfjinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

### VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

## SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Smávélavíðgerðir, Garðsláttuvélur, sláttuorfl, slátturaktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. [www.velaverkjs.is](http://www.velaverkjs.is)

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## RETTA- BÓKHALDSPJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðaflutna. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

[www.talentradning.is](http://www.talentradning.is)

**TALENT**  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



Bryndis  
GSM: 773 7400

[talent@talentradning.is](mailto:talent@talentradning.is)  
[bryndis@talentradning.is](mailto:bryndis@talentradning.is)  
Sími: 552-1600



# NÝR TOYOTA YARIS 2018\*

Til afgreiðslu strax  
Komið og reynsluakið

## Vel búnir

- ✓ Bluetooth
- ✓ Hiti í sætum
- ✓ Akreinavari
- ✓ Árekstrarvari
- ✓ USB og Aux tengi

\*Yaris 1,0 beinsín beinskiptir nýr bill árgærd 2018

Bílar í ábyrgð - Skoðum með uppþöku á öllum tegundum bifreiða

VERÐ KR.  
**1.990**  
ÞÚS.



\*\* Mílaáð við 80% lán til 84 mánaða - Árleg Vaxtakjör 7,95%. ÁHK 9,64%  
\*\*\* Mílaáð við 90% lán til 60 mánaða - Ársvextir eru 6,15%. ÁHK 10,05%

586 1414

stora@stora.is · stora.is  
facebook.com/storabilasalan  
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



kaffi á könnunni  
opíð mán-fös 10-18



STÓRA BÍLASALAN  
...á verði fyrir þig!





Opel Crossland X  
er öruggasti bíllinn árið 2017  
í sínum flokki samkvæmt  
EURO NCAP.

**OPEL CROSSLAND X**

# FRÁBÆR FERÐAFÉLAGI

Opel Crossland X kemur þér hvert á land sem er, allt í senn rúmgóður, sparsamur og þægilegur. Einnig fæst Crossland X með bílsætum sem hlotið hafa AGR vottun samtaka þýskra baksérfræðinga.



Nýttu þér frábær kjör áður en  
verð á nýjum bílum hækkar vegna  
fyrirhugaðra reglugerðabreytinga

Crossland X Enjoy, verð: 3.090.000 kr.

Tilboðsverð  
**2.890.000 kr.**



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér **Opel Crossland X** og bókaðu  
reynsluakstur á [crossland.opel.is](http://crossland.opel.is)

**Sýningarsalir**  
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000  
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330


**Opunartímar**  
Virka daga 9–18  
Laugardaga 12–16

Bíllit  
**Benna**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Suðustankaldi suðvestanlands í dag, en annars hægari og skúrur víða um land. Milt veður.



## Fimmtudagur

<b>Reykjavík</b> 12° ↘ 7	<b>Ísafjörður</b> 9° ↘ 7	<b>Akureyri</b> 11° ← 8
<b>Egilsstaðir</b> 9° ← 9	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 11° ← 15	<b>Hveravellir</b> 9° ← 8

## Föstudagur

<b>Reykjavík</b> 10° ↘ 6	<b>Ísafjörður</b> 10° ↘ 2	<b>Akureyri</b> 8° ↘ 5
<b>Egilsstaðir</b> 11° ← 7	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 11° ↘ 5	<b>Hveravellir</b> 7° ↓ 7

### LÉTT

		4			6	9
9		2	6	5		
2		7		9		1 4
				8		3
	9		7 4		8 1	
	4 3			7		
4		9 5				
	5		8 2			
2		7				

### MIÐLUNGS

			3 4		2 6 8	
				6 9		
		5		1	7	
					4 8 2	
8 1 4					3	
			5		6	
4				7	5 1	
	3					2
6		9				

### ÞUNG

		6					7
		5		7	6		8 2
4							
9 7		4					3
5 4 6							9
				9		1	
1		4			8		
	3			9			7
	8						5

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- hopp
- þúll
- stríoni
- vigt borð
- skóli
- áþekkt
- mest
- gamall
- glápa

### LÓDRÉTT

- skemill
- sálga
- einatt
- leikur
- duttlungar
- heildareign
- knippi
- blaður
- ödur

1	2	3	4		
5				6	7
8				9	
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. skemill, 2. sálga, 3. einatt, 4. leikur, 5. duttlungar, 6. heildareign, 7. knippi, 8. blaður, 9. ödur, 10. glápa, 11. mest, 12. gamall, 13. þúll, 14. hopp, 15. stríoni, 16. vigt borð, 17. skóli.

## Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Hjartarson (2.523) átti leik gegn Indverjanum Kamandur Srihari Raghunandan (2.417) á Xtracon-mótinu við Helsingjaeyri. Hvítur á leik. 29. Rg5! hxg5 (29...e3! er betra). 28. hxg5 Bxb2+ 29. Kxb2 Dg6 30. Bxe4! og Jóhann vann nokkrum síðar. Jóhann er meðal átta íslenskra skákmanna sem taka þátt í mótinu. Hann hefur 4 vinninga eftir 5 umferðir.



www.skak.is: Snilldartilþrif heimsmeistarans.

7	9	6	3	5	2	1	4	8
8	3	5	4	9	1	2	7	6
1	2	4	6	7	8	3	9	5
2	4	9	8	3	6	5	1	7
3	5	8	1	2	7	4	6	9
6	7	1	5	4	9	8	2	3
9	1	3	7	8	4	6	5	2
4	8	2	9	6	5	7	3	1
5	6	7	2	1	3	9	8	4
7	8	4	2	3	6	5	1	9
9	2	6	1	5	8	7	3	4
5	3	1	7	9	4	6	8	2
4	9	3	5	6	1	8	2	7
1	5	8	4	7	2	9	6	3
2	6	7	9	8	3	1	4	5
6	1	9	3	2	7	4	5	8
3	4	5	8	1	9	2	7	6
8	7	2	6	4	5	3	9	1
8	7	3	5	9	2	6	1	4
4	5	9	3	6	1	8	2	7
1	6	2	7	4	8	5	9	3
9	3	1	6	5	4	7	8	2
5	2	4	9	8	7	1	3	6
6	8	7	1	2	3	4	5	9
3	9	5	8	7	6	2	4	1
7	4	8	2	1	9	3	6	5
2	1	6	4	3	5	9	7	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin veður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Fróde Överli

Fyrsti fuglinn? Skollinn, fyrsti skollinn.

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.**

**ÖREIND** – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • Sí. 584 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

**FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# Markaðurinn ER Á FRETTLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinagóða umfjöllun af viðskiptalífinu.

Fylgstu með á [frettladid.is/markadurinn](http://frettladid.is/markadurinn)



Ekki missa af neinu, fylgdu  
Fréttablaðinu á Facebook

FRETTLADID.IS

Kolbrún  
Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is



Allar ellefu útgáfur Bibliunnar á íslensku, er að finna á bibliúsýningu í Þorlákshöfðum í Skálholti, allt frá Guðbrandsbiblíu sem kom út árið 1584 til Biblíu 21. aldar sem kom út árið 2007. Bibliurnar voru í eigu hjónanna Sigurðar Pálssonar vígslubiskups og Stefaniu Gissuraradóttur en börn þeirra hafa gefið þær sjálfseignarstofnun sem synir þær og varðveitir.

„Foreldrar mínir lögðu mikla áherslu á það við okkur systkinin að Bibliurnar væru ekki veraldleg auðæfi heldur gersemar sem bæri að varðveita. Við systkinin höfum aldrei lítið svo á að það ætti að selja þær heldur höfum hugsað þetta með sama hætti og þau,“ segir Ólafur Sigurðsson, fyrrverandi fréttamaður, sonur Sigurðar og Stefaniu. „Eftir að foreldrar okkur féllu frá ihuguðum við að gefa stofnunum Bibliurnar, en þar eru þær þegar til og læstar niðri í geymslum þar sem enginn getur séð þær, nema í þau fáu skipti sem þær eru settar á sýningar. Mér finnst fráleitt að þær skuli ekki sjást. Það er lítið gagn að bókum sem eru ekki sýnilegar. Við viljum að Bibliur foreldra okkur séu sýnilegar, eins og þær eru nú í Þorlákshöfðum.“

#### Grænn miði á Guðbrandsbiblíu

Spurður um hvernig bibliúsafnið varð til segir Ólafur: „Faðir minn varð snemma mjög trúhneigður, umfram það sem gerist og gengur, og varð fyrir miklum áhrifum frá séra Árna Þórarinssyni sem skirði hann og fermdi. Sína fyrstu Biblíu, frá 19. öld fékk faðir minn að gjöf 17 ára gamall og þegar hann útskrifaðist úr Guðfræðideild gaf fjölskyldan honum Guðbrandsbiblíu. Upp frá því fóru Bibliur að safnast að honum og móður minni sem gjafir. Sigurbjörn Einarsson biskup var meðal þeirra sem gáfu þeim Biblíu. Eina fékk þabbi í ferð í Bandaríkjunum þar sem hann var að leita ættingja sem hann fann og einn þeirra var bókaforúður og gaf honum Biblíu. Eg man eftir manni sem kom í heim-sókn með Biblíu sem til stóð að henda þar sem hún þótti ljót og með ómögulegu letri sem var gotneskt.“

Ólafur segir Bibliurnar hafa allar staðið saman í hillu. „Í einni, Guðbrandsbiblíu, er grænn miði sem hefur verið þar síðan ég man eftir mér. Miðinn er við jöloguðspjallið. Á hverjum jöllum var þessi Biblíu tekin upp og lesið upp úr henni.“

Ólafur er einn sjö systkina og spurður hvort þau hafi öll verið trúuð segir hann: „Við vorum öll alin upp á trúuðu heimili og vorum



Hilmar og Ólafur virða fyrir sér gamlar Biblíur sem nú eru til sýnis í Þorlákshöfðum. Þar er að finna allar ellefu útgáfur Bibliunnar á íslensku. FRÉTTAHLADID/SIGTRYGGUR ARI

## Gamla Biblíur heilla gesti

**Bibliúsýning í Þorlákshöfðum í Skálholti. Allar ellefu útgáfur Bibliunnar á íslensku en elsta Biblían er frá árinu 1584. Voru í eigu Sigurðar Pálssonar og Stefaniu Gissuraradóttur.**



Á sýningunni eru Biblíur, fornar og yngri. Sú elsta er Guðbrandsbiblíu frá árinu 1584.



Gestir heillast af því að gömlu Biblíurnar eru á íslensku.

**EKKERT OKKAR HEFUR ORÐIÐ FYRIR ÞVI SEM OFT HENDIR PRESTSBÖRN AÐ KOMAST UPP Á KANT VIÐ KRISTNINA.**

kirkjulega innstillt. Ekkert okkar hefur orðið fyrir því sem oft hendir prestsbörn að komast upp á kant við kristnina.“

#### Merkileg Bibliuhefð

Bibliurnar eru eins og áður segir á sýningu í Þorlákshöfðum og þar er Hilmar Bjarni Hilmarsson í hlutverki bibliuvarðar. Hann segir gesti sýningarinnar vera hæfilega blöndu af útlendingum og Íslendingum. „Íslendingarnir koma aðallega um helgar en á virkum dögum er meira um útlendinga. Eg tek mest eftir Þjóðverjunum því ég get talað við þá þýsku og tala líka smáfrönsku við Frakkana. Bandaríkjamenn eru síðan nokkuð áberandi. Gestir heillast af gömlu Bibliunum og því að þær eru á íslensku. Fólk finnst þessi sterka bibliuhefð merkileg.“

## Öðruvísi glæpasaga

#### BÓKMENNTIR

**Hinn grunaði hr. X**

★★★★★

Keigo Higashino

Þýðandi: Ásta S. Guðbjartsdóttir

Útgefandi: Bjartur

Fjöldi síða: 395

Þýðdar glæpasögur hafa streymt á markað síustu mánuði, fremur keimlikar og með nokkuð fyrirsjáanlegri atburðarás. Nú er komin glæpasaga sem er öðruvísi, snjöll og skemmtileg og einnig falleg og átakanleg. Þetta er bók Keigo Higashino, Hinn grunaði hr. X. Í Japan vann Higashino til fleiri en einna verðlauna fyrir hana og hún var tilnefnd til

verðlauna í Bandaríkjunum.

Yasako Hanaoka, einstæð móðir, kærir sig sist um að hitta ofbeldisfullan fyrrverandi eiginmann sinn eftir margra ára aðskilnað, en hann mætir einn dag, jafn óðgeðfældur og hann alltaf var. Hann kemst ekki lifandi frá þeirri heimsókn. Nágranni Yasako, Ishigami, afburða snjall stærðfræðingur og menntaskólakennari, kemur móðurinni til



aðstoðar. Um leið og hann mætir til leiks og ályktar um atburðarás út frá smávægilegum vísbendingum er engu líkara en Sherlock Holmes sé upprisin.

Auk þeirra Yasako og Ishigami koma mjög við sögu lögregluforinginn Kusanagi sem leitar morðingjans og eðlisfræðingurinn Yukawa sem á sínum tíma var skólabróðir Ishigami. Kudo, vonbiðill Yasako,

kemur einnig nokkuð við sögu.

Ishigami verður hreyfiaflið í sögunni og nýtir afburða stærðfræðigáfu sína til að leika á lögreglufrövlönd. Hann tekur alla möguleika með í reikninginn og ekki verður séð að honum fipist þar. Hann setur rök ofar öllu öðru og tekur tilfinningar ekki nægilega með í reikninginn en mannlegt eðli getur verið óútreiknanlegt. Þarna þarf Ishigami alveg sérstaklega að takast á við Yukawa. Samspiðið milli þeirra tveggja, stærðfræðingsins og eðlisfræðingsins, minnr sumpart á skákmenn í skákeinvigi, sem hugsa ekki einungis sína eigin leiki fram í tímann heldur reikna einnig út leiki andstaððingsins.

Spannan í Hinn grunaði hr. X. felst ekki í því hver sé morðinginn,

það er frá upphafi ljóst. Spannan felst í því hvort upp um hann komist. Þar sem hinn myrti var skithæll en morðinginn geðþekkt persóna er freistandi fyrir lesandann að óska þess að lögreglan komist ekki á sporið.

Hinn grunaði hr. X er gripandi spennusaga, samin af töluverðu hugviti, með eftirminnilegum persónum. Það er ekki óskaplega oft sem glæpasaga skilur lesanda eftir þannig að alls kyns hugrenningar leiti á hann. Það gerist hér og alveg sérstaklega eftir magnaðan loka-kafli. Kolbrún Bergþórsdóttir

**NÍÐURSTAÐA:** Övenjuleg og gripandi spennusaga sem er falleg og átakanleg í senn og vekur lesandann til umhugsunar.



**F usital**  
Mangla d'Autore



Frank O. Gehry



Zaha Hadid & Woody Yao



Norman Foster & Partners



Antonio Citterio

**d line**  
KNUD HOLSCHER DESIGN



Knud Holscher



Henning Larsen



Arne Jacobsen



Jean Nouvel



SHL Design

**Ruko**  
ASSA ABLOY



Ruko Holgaard



Do Arkitema



Re Arkitema



Mi Arkitema

**P.BISSCHOP**



P. Bisschop 1936

**TECNOLINE®**



Walter Gropius



Wilhelm Wagenfeld



Ludwig Wittgenstein

**DEUR Stijl**  
PROJECTEN



Mies Van Der Rohe

**Randi**



Friis & Moltke



Grata - C.F. Möller



Komé - C.F. Möller

**FSB**



Santiago Calatrava



Philippe Starck



Jasper Morrison

# Snerta þig daglega

Þú snertir hurðarhúnana í kringum þig daglega og stundum oft á dag. Þess vegna skiptir áferð, ending og útlit öllu máli og mikilvægt að vanda valið. Hjá Vélum og verkfærum færðu einstaka hurðarhúna sem margir þekktustu arkitektar heims hafa hannað í gegnum tíðina.


STILLANLEG RÚM • HEILSRÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNISÓFAR • STOLAR • SÆNGURFÖT, O.F.L.



**Betra  
BAK**

**SUMAR  
ÚTSALA  
ALLT AÐ  
60%  
AFSLÁTTUR**

VEFVERSLUN  
www.betrabak.is  
OPIN ALLAN SOLARHRINGINN



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477  
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100  
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566

**Betra  
BAK**



Improv Ísland verður með fjölbreytta grinspunasýningu á ensku í Tjarnarbiói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hvað?  
Hvenær?  
Hvar?  
Miðvikudagur**

hvar@frettabladid.is

**25. JÚLÍ 2018  
Tónlist**

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Hallgrímskirkja  
Í dag syngur kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, íslenskar og erlendar kórperlur eftir Jón Ásgeirsson, Jón Nordal, Sigvalda Kaldalóns, Händel, Byrd, Sigurð Sævarsson, Þorkel Sigurbjörnsson og Hjálmar H. Ragnarsson. Tónleikagæstum er boðið í kaffi og spjall við meðlimi kórsins að tónleikunum loknum. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Miðaverð kr. 2.500.

**Hvað?** Kvartett Einars Scheving – Tónleikaröð Norræna hússins  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Norræna húsið  
Einar Scheving er trommari og tónskáld. Hann er burðarstólpi í tónlistarsenunni á Íslandi og hefur Einar hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin þrisvar sinnum, tvisvar fyrir bestu plötu ársins: Cycles árið 2007 og Land míns föður 2011. Í tónleikaröð Norræna hússins kemur Einar fram með kvartett sínum sem samanstendur af nokkrum af helstu tónlistarmönnum Íslands – Skúla Sverrissyni, Eyþóri Gunnarssyni og Óskari Guðjónssyni – og ekki er við öðru að búast en að kvöldið verði magnað.

**Hvað?** Melodic Objects  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu  
Jöggl og tónlist renna saman í eitt þegar sex jögglarar og einn tónlistarmaður vinna saman að skemmtilegri sýningu fyrir augu og eyru. Samleikur þeirra er leiður af Jay Gilligan, jögglprófessor við dans- og sirkusháskólann í Stokkhólmi. Gjörningurinn er loftvæði til hins heimsþekktu farandleikhóps "The Flying Karamazov Brothers" eða Fleygu Karamazovbræðurnir. Þeir fengust við ýmsar kenningar um jöggl sem urðu jögglurum að innblæstri við gerð sýningar sinnar.

**Hvað?** Marina & Mikael kvartett á Múlanum  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Harpa  
Það er komið að lokatónleikum sumardagskrár Múlan. Söngkonan Marina Ósk Þorólfsdóttir og gítarleikarinn Mikael Máni Ásmundsson koma fram ásamt kvartetti sínum. Marina & Mikael gáfu út sína fyrstu plötu, Beint heim, í ágúst 2017 sem var vel tekið og fékk tinfefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2018. Þau hafa leikið saman síðan haustið 2014 og hafa sett saman veglega og sérstaklega útsetta efniskrá þar sem heiðraðir verða lítt

þekktir djasstandarar sem hafa ekki fengið næga ást frá fæðingunni; en eiga hana svo sannarlega skilið. Ásamt Marínu og Mikael koma fram bassaleikarinn Þórður Högnason og Matthías M.D. Hemstock sem leikur á trommur.

**Hvað?** Hvunnagstónleikar á miðvikudögum  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Dularfulla búðin, Akranesi  
Biggi Þóris og Nína Magg munu verða með tónleika í kvöld, 25. júlí. Tónleikarnir verða að þessu sinni tileinkaðir veðrinu en stefnt er að því að vera með hvunnagstónleika alla miðvikudaga í sumar.

**Hvað?** Atomstation & Big Mint á Gauknum  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu  
Hljómsveitir Atomstation og Big Mint leika lög sín inn í eyrun á viðstöddum.

**Hvað?** Kjallaradjass  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Stúdentakjallarinn  
Höpurinn sem gerði mándagana spennandi í fyrsta sinn í sögunni með Mánudjass á Húrra ætlaðir að sanna í eitt skipti fyrir öll að miðvikudagar eru hinir nýju fimmtudagar. Þeir munu tvíanna litrika samba-ryþma og almenna gleði inn í grámóskulegt háskólasamfélagið. Kvöldin eru með frjálsglegu ívafi og allir sem vilja syngja, dansa eða spila á hljóðfæri eru velkomnir og hvattir til að stiga í sviðsljósið og taka þátt. Gleðin í botn!

**Viðburðir**

**Hvað?** Alefarm Tap Takeover  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Skúli craft bar, Aðalstræti  
Eftir langa bið faum við loksins bjóra frá Alefarm Brewing til okkar á Skúla. Við verðum með 5 misnumandi bjóra frá þeim á krana ásamt tveimur misnumandi dösnum og flöskum. Dósirnar eru rétt rúmlega vikugamlar.

**Hvað?** Improv Iceland  
**Hvenær?** 20.30  
**Hvar?** Tjarnarbiói  
Improv Ísland býður upp á fjölbreyttar og ófyrirsjáanlegar grinspunasýningar í Tjarnarbiói á miðvikudögum í sumar. Hver sýning er einstök og ekkert er endurtekið. Í hverri viku er því ný og spennandi sýning á sviði í hverri viku. Í höpunum eru rúmlega tuttugu spuna-leikarar sem skiptast á um að sýna í hverri viku. Sýningarnar fara fram á ensku. Listrænn stjórnandi Improv Ísland er Dóra Jóhannsdóttir.

**Hvað?** Lesum saman og höfum gaman – Lesið og leikið með Tómasi  
**Hvenær?** 15.30  
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness  
Tómas Gauti, leiklistarnemi og samstarfsmaður Bókasafns Seltjarnarness, býður börnum í Lesið og leikið, lestrarupplifun og gagnvirkni. Tómas les valda kafla úr vinsælum barnabókum með börnunum. Börnin setja sig í hlutverk sögupersóna, leika og spinna söguna affram undir leiðsögn Tómasar.

**Hvað?** Fræðslugöngur landvarða frá Malarífi



Alþjóðlegt orgelsumar er í blússandi gangi í Hallgrímskirkju kl. 12.00. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvenær?** 13.00  
**Hvar?** Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Snæfellsnesi  
Fræðsluganga landvarðar byrjar við Gestastofu í Malarífi. Gengið er út að Lóndröngum og endar gangan við salthúsið.

**Sýningar**

**Hvað?** Plexiprismi  
**Hvenær?** 09.00  
**Hvar?** Hitt húsið  
Plexiprismi er fyrsta sýning listakonunnar Mellí (Melkorka Þorkeldsdóttir) sem vinnur málverk sín úr hólgráfskum, glansandi og glitrandi efnivíðum. Mellí var þess heiðurs aðnjóstandi að vera hluti af Skapani sumarstórfum Reykjavíkurborgar þetta sumarið og er hluti verkanna afrakstur sumarsins.

**Hvað?** Einskismannsland – Ríkir þar feðurin ein?  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Hafnarhúsið og Kjarvalsstaðir  
Sýningin er tvískipt, sögulegur hluti hennar á Kjarvalsstöðum en verk eftir listamenn 21. aldarinnar verða sýnd í Hafnarhúsi. Jafnframt er tekst á við áleitnar spurningar um inntak sýningarinnar í viðamikilli útgáfu og dagskrá samhlöða henni. Ferðalag fyrir fjölskyldur um Einskismannsland – Bakpoki er til láns fyrir börnin með spennandi leiðangri um sýninguna. Hægt er að nálgast bakpokann án endurgjalds í afgreiðslu.

**Hvað?** Lífsblómíð – Fullveldi Íslands í 100 ár  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Listasafn Íslands  
Sýningin Lífsblómíð fjallar um fullveldi Íslands í 100 ár. Titillinn er söttur í skáldsögu Halldórs Laxness sjálfstætt fólk, sem gerist á þeim tíma er Ísland varð fullvalda ríki. Rétt eins og þetta þekktu bókmenntaverk fjallar Lífsblómíð um hina djúpu þrá eftir sjálfstæði. Hún fjallar einnig um það hversu dýrmætt en um leið viðkvæmt fullveldið er. Í hundrað ára sögu fullveldisins hafa ýmsar ógnir steðið að og varað þær bæði fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, verndun náttúrunnar og þátttöku og ábyrgð í alþjóðlegu samstarfi. Fullveldið er ekki sjálfgefið og því þurfum við að hlúa vel að því. Rétt eins og litil en harðgerð jurt þarf fullveldið á næringu að halda og þessi næring felst meðal annars í því að skiptast á skoðunum og deila heiminum með öðrum.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Fréttablaðið með þér í sumar.  
Þú getur nálgast fritt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kingdon SMÁRALIND STÚKLA  
BONUS KJÖRBÚÐIN Krambúð nettó  
ni lífe bóksala.Átúdena. HÁMÁ

GLAMOUR

# Komið í allar helstu verslanir

# GLAMOUR

Ísland  
júli/ágúst '18

Falin perla  
í Reykjavík

Innlit á heimili sem  
er sveit í borg.

„Þegar upp er  
stadið stendur  
þú einn“

Mæðgurnar Hanna  
María, Katla og Saga Sig  
um mæðgnasambandið,  
kvennabaráttu og  
feminisma.

Látum  
*okkur*  
DREYMA

*um sumar og sól*



9 772298 718004

*Íslenskt tískutímarit*

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons  
**07.20** Lina langskokkur  
**07.45** Strákarnir  
**08.10** The Middle  
**08.35** Ellen  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.35** The Doctors  
**10.15** Grand Designs  
**11.05** Spurningabomban  
**11.55** The Good Doctor  
**12.35** Nágrennar  
**13.05** Olive Kitteridge  
**14.10** Project Runway  
**14.55** The Path  
**15.50** The Night Shift  
**16.35** Sælkerahaimeisra um Reykjavík í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum fer Vala Matt í ferð um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna. Við kynnumst matarmenningu þeirra og síðum og svo matreiða þeir fyrir okkur dýrindis góðan mat gerðan úr íslensku hráefni en með skemmtilegum og oft nýstárlegum kryddum og ævintýralegum matreiðsluáferðum. Við fáum til dæmis japanskt sushi búið til á ótrúlega einfaldan hátt, sérkennilegan nepalskan desert, dásamlegan Parisar-bistromt, epiópíska rétti borðaða með puttunum og popp og kaffi, nýstárlega kartóflurétti frá heimalandi kartóflunnar, Perú, íranska veislu og margt fleira ævintýralega skemmtilegt og fræðandi. Matur frá Nepal, Japan, Íran, Tailandi, Eþíópíu, Póllandi og Perú, allt í heimahúsum í Reykjavík.

**17.00** Bold and the Beautiful  
**17.20** Nágrennar  
**17.45** Ellen  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2  
**18.50** Sportspokkinn  
**19.05** Fréttayfirlit og veður  
**19.10** Modern Family  
**19.30** Mom Fimmta gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur hæð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu.  
**19.55** The New Girl  
**20.20** The Bold Type  
**21.05** Greyzone  
**21.50** Nashville  
**22.35** Orange Is the New Black  
**23.30** NCIS  
**00.10** Lethal Weapon  
**00.55** Animal Kingdom  
**01.40** Nasty Baby  
**03.20** Tin Star  
**04.05** Tin Star  
**04.55** Unreal  
**05.35** Unreal

### STÖÐ 2 SPORT

**07.40** Pepsi-mörkin  
**09.00** Pepsi-deild karla  
**10.45** Pepsi-deild karla  
**12.25** Fyrir Island  
**13.05** International Champions Cup  
**14.45** Inkasso-deildin  
**16.25** Goðsagnir efstu deildar  
**17.15** Premier League World  
**17.45** Pepsi-mörkin  
**19.05** Pepsi deild kvenna  
**21.05** International Champions Cup  
**22.45** Fyrir Island  
**23.25** Goðsagnir efstu deildar  
**00.00** International Champions Cup  
**02.05** Goals of the Season  
**03.00** International Champions Cup  
**06.30** International Champions Cup

### ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió FM 90,9 Gullbylgjan FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 102,9 Lindin  
 FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1 FM 96,7 Lött Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga  
 FM 90,1 Rás 2 FM 95,7 FM957 FM 97,7 X-ið FM 100,5 K100



### GREYZONE

**KL. 21:00**  
 Hryðjuverkamenn hyggjast láta til skarar skriða í Skandinavíu og lendir verkfræðingurinn Victoria í ógnvænlegri atburðarás. Norræn spennuþáttaröð eins og þær gerast bestar.



## Frábær miðvikudagur

Fáðu þér áskrift á [stod2.is](http://stod2.is)

### THE BOLD TYPE

**KL. 21:45**  
 Frábærir þættir um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tískutímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiú tískunnar.



### NASHVILLE

**KL. 21:45**  
 Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



Ný þáttaröð

### ORANGE IS THE NEW BLACK

**KL. 20:15**  
 Sjöttá serían af þessum verðlaunabáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Ekki missa af þessum hörkuspennandi þáttum.

### BATMAN V SUPERMAN: DAWN OF JUSTICE

**KL. 22:00**  
 Hinir gríðarlegu krafter sem Superman er gæddur valda Batman áhyggjum enda gæti Superman hæglega gert út af við veröldina ef hann snerist á sveif með illum öflum.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

[stod2.is](http://stod2.is)

### STÖÐ 3

**19.10** The New Girl  
**19.35** Last Man Standing  
**20.00** Seinfeld  
**20.25** Friends  
**20.50** Two and a Half Men  
**21.15** The Newsroom  
**22.15** The Hundred  
**23.00** Famous in Love  
**23.45** The Detour  
**00.10** The New Girl  
**00.35** Seinfeld  
**01.00** Friends  
**01.25** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!  
**07.24** Svampur Sveinsson  
**07.49** Rasmus Klumpur  
**07.55** Strumparnir  
**08.20** Lalli  
**08.25** Ævintýraferðin  
**08.37** Hvellur keppnisbill  
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir  
**09.00** Stóri og Litli  
**09.13** K3  
**09.24** Óskastund með Skoppu og Skritlu  
**09.38** Mæja býfluga  
**09.50** Tindur  
**10.00** Dóra könnuður  
**10.24** Mörgásirnar frá Madagaskar  
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**11.00** Áfram Diego, áfram!  
**11.24** Svampur Sveinsson  
**11.49** Rasmus Klumpur  
**11.55** Strumparnir  
**12.20** Lalli  
**12.25** Ævintýraferðin  
**12.37** Hvellur keppnisbill  
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir  
**13.00** Stóri og Litli  
**13.13** K3  
**13.24** Óskastund með Skoppu og Skritlu  
**13.38** Mæja býfluga  
**13.50** Tindur  
**14.00** Dóra könnuður  
**14.24** Mörgásirnar frá Madagaskar  
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**15.00** Áfram Diego, áfram!  
**15.24** Svampur Sveinsson  
**15.49** Rasmus Klumpur  
**15.55** Strumparnir  
**16.20** Lalli  
**16.25** Ævintýraferðin  
**16.37** Hvellur keppnisbill  
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir  
**17.00** Stóri og Litli  
**17.13** K3  
**17.24** Óskastund með Skoppu og Skritlu  
**17.38** Mæja býfluga  
**17.50** Tindur  
**18.00** Dóra könnuður  
**18.24** Mörgásirnar frá Madagaskar  
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**19.00** Open Season 2

Doddli litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47



### GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Open Championship  
**11.50** The Open Championship  
**16.50** Golfing World  
**17.40** Barbasol Championship  
**20.40** Barbasol Championship  
**23.40** PGA Highlights

### STÖÐ 2 BIÓ

**11.00** Maggie's Plan  
**12.35** Patch Adams  
**14.30** Bridget Jones's Baby Skemmtileg mynd frá 2016 með Renée Zellweger, Colin Firth og Patrick ásamt fleiri stór-góðum leikum. Sagan um hina skemmtilegu en seinheppnu Bridget Jones heldur hér áfram.  
**16.30** Maggie's Plan  
**18.05** Patch Adams  
**20.00** Bridget Jones's Baby  
**22.00** Batman v Superman: Dawn of Justice Spennandi ævintýra-mynd frá 2016 með Ben Affleck, Henry Cavill, Amy Adams, Gal Gadot, Jason Momoa og fleiri þekktum leikum.  
**00.30** King Arthur: Legend of the Sword  
**02.35** The Mule  
**04.10** Batman v Superman. Dawn of Justice

### RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008  
**13.50** Landakort  
**14.05** Á meðan ég man  
**14.35** Sagan bak við smellinn - Viva la Vida - Coldplay  
**15.05** Íspjóðin með Ragnhildi Steinunni  
**15.30** Útúrdúr  
**16.20** Á tali við Hemma Gunn  
**17.05** Vesturfara  
**17.50** Táknafréttir  
**18.00** KrakkaRÚV  
**18.01** Tré-Fú Tom  
**18.22** Krakkastigur  
**18.27** Sanjay og Craig  
**18.50** Vísindahorn Ævars  
**18.54** Víkinglotto  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.30** Veður  
**19.35** Viðtalið - Anders Samuelsen  
**20.00** Hásetar  
**20.25** Síamyndasmiðir  
**21.15** Neyðarvaktin  
**22.00** Tíufréttir  
**22.15** Veður  
**22.20** Amma Lo-Fi: Kjallaraspólur Sigríðar Nielsdóttur  
**23.25** Before the Flood  
**01.00** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**00.45** CSI Miami  
**01.30** Fargo  
**02.15** The Resident  
**03.05** Quantico  
**03.50** Incorporated  
**04.35** Siminn + Spotify  
**06.00** Siminn + Spotify  
**08.00** Dr. Phil  
**08.40** The Tonight Show  
**09.20** The Late Late Show  
**10.00** Siminn + Spotify  
**12.00** Everybody Loves Raymond  
**12.25** King of Queens  
**12.50** How I Met Your Mother  
**13.10** Dr. Phil  
**13.50** Odd Mom Out  
**14.15** Royal Pains  
**15.00** Solsidan  
**15.25** LA to Vegas  
**15.50** Flökkulif  
**16.15** Everybody Loves Raymond  
**16.40** King of Queens  
**17.05** How I Met Your Mother  
**17.30** Dr. Phil  
**18.15** The Tonight Show  
**19.00** The Late Late Show  
**19.45** American Housewife  
**20.10** Kevin (Probably) Saves the World  
**21.00** The Resident  
**21.50** Quantico  
**22.35** Incorporated  
**23.25** The Tonight Show

# GLEÐILEGT SCARPA SUMAR!



SCARPA®



Ladakh GTX 49.995 kr.



Hekla GTX dömuskór 49.995 kr.



Terra GTX 29.995 kr.



ZG Pro GTX 39.995 kr.



Epic GTX 29.995 kr. kk og kvk



Mescalito 26.995 kr. kk og kvk

Skoðið úrvalið á [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)



Allt frá árinu 1938 hefur Scarpa framleitt, í Asolo héraði Ítalíu, vandaða gönguskó af ástriðu og vandvirkni. Scarpa hefur haldið fast í hefðir stofnendanna en jafnframt sótt fram með nýjungum innblásnum af áræðni og frumkvæði.

Scarpa gönguskór hafa í áratugi prýtt fætur fjölda íslendinga og eru án efa vinsælustu gönguskór á Íslandi.



Mojito 19.995 kr.



**Þín eigin skrifborðskæling!**

Kæli-, raka- og lofthreinsitæki, allt í einu tæki.  
Kynningarverð aðeins kr. 37.227 m.vsk.



- ▶ FÁNAR
- ▶ LÍMMIÐAR
- ▶ AUGLÝSINGASKILTI

Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.

Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.



Fjölprent  
Norðlingabraut 14  
fjolprent.is  
S. 581 4141

## Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn

## Eru flugurnar að éta þig?

**Vinsælasta flugnafælan í USA**  
Þriðjungur bandaríkjamanna nota Moustidose reglulega til að forðast bit mý og mitla\*

\*Samkvæmt heimasíðu EPA  
(United States Environmental Protection Agency)



**Moustidose Icardine**  
12 klukkustunda virkni.



Ófnæmsprifað og má nota viðkvæma húð.

Hentar bæði fullorðnum og börnum frá 6 mánaða aldri

**Moustidose DEET**  
Ómissandi í ferðlog til heitar landa



Sérstaklega hannað til að verjast bitum meindýra á erfidum svæðum líkt og Asíu, Afríku, Suður Ameríku suður-Evrópu og suðurriki Bandaríkjanna.

**Moustidose afterbite krem**  
Græðandi krem sem kæslir og dregur úr kláða eftir bit.



Inniheldur Boswella er jurtina sem hefur í gegnum aldirnar verið notað sem bógu eyðandi efni í lækningum. Má nota fyrir fullorðna og börn á öllum aldri.

Fæst í apótekum um land allt

# Herraföt orðin meira spennandi

Ási Már Friðriksson fatahönnuður hefur stofnað nýtt merki og sendir frá sér fyrstu fatalínuna. Kismet nefnist fata-merkið og er núna fyrst um sinn herralína í americano stílnum. Ási reiknar með að línan komi út í september.

**F**atahönnuðurinn Ási Már Friðriksson hefur stofnað nýtt fatamerki, Kismet, og sendir frá sér glænýja línu inn í haustið. Um er að ræða herraföt og fyrsta línan verður aðeins efri partar.

„Þessi lína er dálítið klassísk í sniðum – ég leit til americano-lúksins, þannig að á þessu er svolitill suðurriksjablær. Þetta er með smá „twisti“. Það er alltaf svolitill höfuðverkur þegar maður er að hanna á stráka að maður vill ekki fara í of flappað né heldur of venjulegt og „boring“ – það er mjó lína þarna á milli. Þetta eru bara efri partar að þessu sinni. Vandamálið við að gera buxur er að það eru svo margar stærðir og maður þarf að panta svo mikið fyrir hverja stærð og svo framvegis. En það kemur bara seinna,“ segir Ási en hann er búinn að vera að undirbúa línuna síðasta árið þó að þælingin hafi fæðst nokkru áður en það.

**ÞETTA ERU AÐGENGILEG FÖT OG ÉG VILDI HAFA ÞETTA SVONA SVO ÞÚ ÞYRFTR EKKI AÐ KAUPA HEILAN GALLA HELDUR GÆTI ÞETTA BLANDAST INN Í ÞAD SEM ÞÚ ERT MEÐ Í FATASKÁPNUM NÚ ÞEGAR.**

„Ég er menntaður fatahönnuður úr Listaháskólanum og hef verið að gera ýmislegt í gegnum árin en alltaf með þetta svona á bak við eyrað. Ég sérhæfði mig í kvenfatnaði en undanfarnin ár hef ég verið að færast nær strákafötunum, það er svolítið spennandi markaður – þetta hefur verið að breytast og er orðinn stærri markhópur en áður.“

Ási segir að þetta hafi breyst frá því sem áður var þegar strákar áttu bara að vera í gallabuxum og hvítum bolum og öðru auðveldu.

„Þetta er að breytast með tíðinni – strákar hafa ólíkar skoðanir og finnst mismunandi hlutir finnr, sem er mjög spennandi og þessi flóra er algjörlega að brekkja.“

Ási segir útlitið á línunni í raun hafa bara sprottítt út frá hans eigin tilfinningum og ekki eiga sér neinn sérstakan aðdraganda.

„Þetta er eitthvað sem gerðist, þessi tilfinning og líningur sem maður sjálfur er í. Þetta eru aðgengileg fót og ég vildi hafa þetta þannig að þú þyrftir ekki að kaupa heilan galla heldur getur þetta



Ási hefur á síðustu árum verið að færa sig meira yfir í herrattiskuna.



**Brot úr línunni sem kemur í september. Ási segir línuna vera í smá americano stíl. MYNDIR/KÁRI SVERRISSON**

blandast inn í það sem þú ert með í fataskápnum nú þegar. Þetta er þínu prufulína í raun, það er auðvitað flókið að gera þetta og dýrt, þannig að maður er aðeins að dýfa tánum ofan í og kanna hvað virkar og hvað virkar ekki.“

Ási segir útgáfudaginn ekki alveg settan, það eru nokkur praktísk atriði sem á eftir að leysa út, meðal annars hvort línan fari í umboðssölu eða hvort hann selji hana sjálfur. En

hann reiknar með að línan komi út í september. Kismet.love er vefsíða merkisins og það er engin tilviljun að léníð sé love.


„Þetta er svolítið formerkið á línunni. Það eru falin tákni á flíkunum og þú verður að leita að þeim. Þetta er smá sem verður gegnumgangandi í næstu línun frá mér.“

stefanthor@frettabladdid.is

# SUMAR BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylytols sem  
aðalsætufrnis í tyggigúmmil

## BAKÞANKAR

Bjarna  
Karlssonar



## Saga úr sundlaugarklefa

Á þessu sinni völdum við hjónin að dvelja vestur í Öfundarfirði í sumarleyfinu og höfum notið þjartra daga í vest-firskri náttúru til sjós og lands. Hvarvetna höfum við mætt gestrisni og myndarskap eins og t.d. í Sólarcaffi í Neðri-Breiðdal, að ógleymdum öllum sundlaugunum sem hér eru reknar af metnaði og alúð. Um daginn var ég staddur í einum sundlaugarklefanum og heyrði þá kunnulegan lagstúf raulaðan af vörum ungs drengs. „Ég heyrir að þú ert Skógarmaður,“ sagði ég við unga manninn því lagið sem hann söng er þekktur Vatnaskógarslagari. „Ég kom heim fyrir fjórum dögum,“ mælti drengurinn og ljómaði af gleði. Ég sagði honum að ég væri líka Skógarmaður og að ég skildi vel að hann væri enn með hugann í Skóginum. Hann taldi upp nöfn þeirra foringja sem hann hefði kynnst best og sagði mér stoltur frá íþróttaverðlaunum sem hann hefði hlotið. Ég spurði hann hvort það hefðu ekki alltaf verið kvöldvökur. „Já, uppáhaldslagið mitt er þetta sem ég var að syngja!“ Á meðan ég braut saman handklæðið á útleiðinni rauluðum við saman: „Hér á ég heima, hér best ég næ djarflega að dreyma dýrð Guðs sí og æ. Gott er að gleyma glauinum í bæ...“ og á milli okkar ríkti, þrátt fyrir 45 ára aldursmun, fullkominn skilningur og gagnkvæm gleði.

Mörg lífsgæði eru þannig að það er bara hægt að eiga þau með öðrum. Fegurð náttúrunnar getur aldrei orðið að einkamáli eða séreign. Upplitsdjörf menning með gestrisni og myndarskap er líka samfélagsauður og það sama gildir um gæði trúarinnar; þau leita alltaf samfélags við aðra. Ég kann engin frekari deili á þessum lífsglaða pilti en gleðst yfir því að hann hefur fengið að heyra tjáð það sem öll börn eiga rétt á að vita; að þau mega trúá á góðan Guð sem elskar allt sem lifir.



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

LÍFIÐ ER Á  
FRET TABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tisku, menningu, heilsu og margt fleira.



# EVROPA KALLAR!

EDINBORG FRÁ  
**5.499 KR.\***

Tímabil: sept.–okt.

KAUPMANNAHÖFN FRÁ  
**5.999 KR.\***

Tímabil: sept.–okt.

BRUSSEL FRÁ  
**6.499 KR.\***

Tímabil: okt.–jan.

STOKKHÓLMUR FRÁ  
**6.999 KR.\***

Tímabil: nóv.–mars

VARSJÁ FRÁ  
**7.999 KR.\***

Tímabil: ágúst–sept.



Kíktu í Tívoli í Köben, röltu niður Drottningagötuna í Stokkhólmi, gæddu þér á gómsættum vöflum í Brussel, skoðaðu Edinborgarkastala eða þræddu götumarkaðina í Varsjá. Veldu þína uppáhalds borg og stökktu af stað.

